SEÐLABANKI · ÍSLANDS ·

Ársskýrsla Seðlabanka Íslands 2017

# ÁRSSKÝRSLA 2017

## Efnisyfirlit


3 I *Markmið og stefna*

5 II *Stefnan í peningamálum*

9 III *Fjármálakerfi*

15 IV *Gjaldeyrisforði*

17 V *Lánamál ríkissjóðs*

21 VI *Alþjóðleg samskipti*

23 VII *Sérstök verkefni*

29 VIII *Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið*

37 *Samstæðuársreikningur 2017*

*Viðaukar*

77 *Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2017*

78 *Ritaskrá Seðlabanka Íslands árið 2017*

79 *Töflur*



*Bankaráð Seðlabanka Íslands. Talið frá vinstri: Bára Valdís Ármannsdóttir (varafulltrúi), Þórunn Guðmundsdóttir formaður, Sveinn Agnarsson varaformaður, Auður Hermannsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Þór Saari og Hildur Traustadóttir (varafulltrúi). Bára og Hildur sóttu fund fyrir aðalfulltrúana Frosta Sigurjónsson og Björn Val Gíslason þegar þessi mynd var tekin.*

Útgefandi:
Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík.
Sími: 569 9600, símbréf: 569 9605
Netfang: sedlabanki@sedlabanki.is
Veffang: www.sedlabanki.is

Prentun og bókband: Oddi ehf.
Reykjavík 2018
ISSN 1670-522X

**Merking tákna:**

| | |
|---|---|
| * | Bráðabirgðatala eða áætlun. |
| 0 | Minna en helmingur einingar. |
| - | Núll, þ.e. ekkert. |
| … | Upplýsingar vantar eða tala ekki til. |
| . | Tala á ekki við. |

# I Markmið og stefna

Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi. Jafnframt skal bankinn stuðla að fjármálastöðugleika. Með samþykki ráðherra hefur bankinn lýst yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Í sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands 27. mars 2001 er verðbólgumarkmiðið skilgreint sem 2½% hækkun á vísitölu neysluverðs á 12 mánaða tímabili.[1] Lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, veita bankanum fullt sjálfstæði við að framkvæma peningastefnuna til þess að ná þessu markmiði. Jafnframt skal bankinn stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu um stöðugt verðlag. Þá kveða lögin á um að auk þess að stuðla að stöðugu verðlagi og fjármálastöðugleika skuli bankinn varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd. Í lögunum eru jafnframt ákvæði um að bankinn skuli opinberlega gera grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum og starfsemi sinni að öðru leyti.

**Peningastefna**

Fimm manna peningastefnunefnd tekur ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum. Stjórntækin teljast í þessu sambandi vera vextir bankans, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavaralán, bindiskylda og viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. Nefndin hefur sett sér reglur um starfshætti sem bankaráð hefur staðfest.[2] Kveðið er á um skipan nefndarinnar í lögum um bankann. Seðlabankastjóri er formaður hennar en í henni sitja að auki aðstoðarseðlabankastjóri, einn af yfirmönnum bankans á sviði peningastefnumótunar og tveir sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála sem ráðherra skipar.

Við framkvæmd stefnunnar í peningamálum gerir Seðlabankinn þjóðhags- og verðbólguspá til þriggja ára. Spáin er birt í riti bankans, *Peningamálum*. Í ritinu birtir bankinn auk þess ítarlega greiningu á framvindu og horfum í efnahags- og peningamálum.

**Fjármálastöðugleiki**

Seðlabanki Íslands skal stuðla að fjármálastöðugleika. Hann hefur umsjón með starfi kerfisáhættunefndar sem stofnuð var árið 2014, en hún starfar fyrir fjármálastöðugleikaráð.[3]

Seðlabankinn leitast jafnan við að hafa góða yfirsýn yfir stöðu lánastofnana, fjármálamarkaða, heimila og fyrirtækja. Hann birtir greiningu á þáttum sem varða fjármálastöðugleika í ritinu *Fjármála-*

---

1. Yfirlýsingin var birt í *Peningamálum* 2001/2 og á heimasíðu bankans. Lítils háttar breyting var gerð á henni í nóvember 2005.
2. Reglur um starfshætti peningastefnunefndar eru aðgengilegar á vef Seðlabanka Íslands.
3. Í fjármálastöðugleikaráði sitja fjármála- og efnahagsráðherra (formaður), seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Í kerfisáhættunefnd sitja seðlabankastjóri (formaður), forstjóri Fjármálaeftirlitsins og staðgenglar þeirra auk sérfræðings sem skipaður er af ráðherra.

*stöðugleiki*. Auk þess stuðlar Seðlabankinn að virku og öruggu fjármálakerfi með rekstri kerfislega mikilvægra fjármálainnviða og hefur eftirlit með því að kerfislega mikilvæg innlend greiðslu- og uppgjörskerfi uppfylli alþjóðlega viðurkenndar kröfur. Um kerfin er fjallað í ritinu *Fjármálainnviðir*.

Seðlabanki Íslands setur reglur um lágmark lausafjár, gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana og stöðuga fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum. Bankinn á viðskipti við lánastofnanir og í lögum um bankann er honum veitt heimild til að veita lánastofnunum í lausafjárvanda ábyrgðir eða lán þegar sérstaklega stendur á og hann telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsins.

**Gjaldeyrisforði, lánamál ríkisins, gjaldeyrismál og önnur verkefni**

Eitt af viðfangsefnum Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum er að varðveita gjaldeyrisforða. Forðinn gerir bankanum kleift að mæta þörf ríkissjóðs fyrir erlendan gjaldeyri og standa við erlendar lánaskuldbindingar. Nægur gjaldeyrisforði styrkir trú á að ríkissjóður og aðrir kerfislega mikilvægir aðilar geti staðið við erlendar skuldbindingar sínar. Þá er hægt að nota gjaldeyrisforðann til að stuðla að markmiðum peningastefnunnar. Til að tryggja markvissa stýringu á fjárhagslegri áhættu við rekstur forðans setur seðlabankastjóri reglur um varðveislu gjaldeyrisforðans sem bankaráð staðfestir. Seðlabankinn sér um framkvæmd innlendra og erlendra lánamála og skuldastýringu ríkissjóðs í umboði fjármála- og efnahagsráðuneytis.

# II Stefnan í peningamálum

Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi eins og kveðið er á um í lögum um bankann. Þetta markmið var útfært nánar sem 2½% verðbólgumarkmið í sameiginlegri yfirlýsingu bankans og ríkisstjórnar frá 27. mars 2001.

## Verðbólga, vextir og gengi á árinu 2017

Verðbólga á árinu 2017 var 1,8% og var það fjórða árið í röð sem meðalverðbólga var við eða undir 2%.[1] Undirliggjandi verðbólga hjaðnaði á árinu og mældist ársverðbólga á mælikvarða kjarnavísitölu 3 án skattaáhrifa 1,9% í desember 2017 samanborið við 2,1% á sama tíma árið á undan.[2]

Megindrifkraftur verðbólgu á árinu 2017 var hækkun húsnæðisverðs og mældist 2,2% verðhjöðnun á mælikvarða vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Það var annað árið í röð sem verðhjöðnun mældist á þennan mælikvarða. Nokkuð dró úr hækkun húsnæðisverðs á seinni hluta ársins og var árshækkun húsnæðisliðarins í vísitölunni komin í 12% í desember sl. en hafði náð hámarki í 19% í júlí 2017. Verðlækkun á ýmsum innfluttum vörum, t.d. á fatnaði, skóm og húsgögnum hafði töluverð áhrif til lækkunar á vísitölu neysluverðs á árinu. Einnig lækkaði verð á nýjum bílum og varahlutum.

Í aðdraganda losunar fjármagnshafta taldi peningastefnunefnd nauðsynlegt að byggja upp gjaldeyrisforða og forðast ofris krónunnar. Í kjölfar mikilvægra áfanga við losun fjármagnshafta á fyrstu mánuðum ársins 2017 taldi nefndin ekki lengur þörf á að taka mið af þessum þáttum. Inngrip á gjaldeyrismarkaði myndu því fyrst og fremst miða að því að vinna gegn óhóflegum skammtímasveiflum í gengi krónunnar eftir því sem tilefni er til.[3] Verulega dró því úr gjaldeyrisviðskiptum Seðlabankans eftir því sem leið á árið og voru þau hverfandi á seinni hluta ársins. Hrein gjaldeyriskaup bankans á millibankamarkaði með gjaldeyri námu 70,3 ma.kr. á árinu og nam hlutdeild bankans í veltunni um 20% samanborið við 55% árið 2016. Heildarvelta dróst saman um 42% milli ára.

Gengi krónunnar hækkaði töluvert á fyrri hluta ársins og endurspeglaði hækkunin að mestu þróun efnahagslegra grunnþátta eins og hún birtist í afgangi á viðskiptum við útlönd. Gengissveiflur jukust hins vegar þegar kom fram á vorið og tók gengið að lækka í byrjun júní sl. en hafði þá hækkað um 10½% frá áramótum. Sveiflur í gengi krónunnar minnkuðu á seinni hluta ársins eftir því sem gjaldeyris-

1. Í september 2017 var eitt ár liðið frá því að Hagstofa Íslands leiðrétti mistök sem áttu sér stað við útreikning vísitölu neysluverðs á tímabilinu mars til ágúst 2016 og ollu því að verðbólga var vanmetin á þessu tímabili og ofmetin á sama tímabili 2017.
2. Kjarnavísitala 3 án skattaáhrifa undanskilur áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvöruliða, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána.
3. Samkvæmt 24. grein laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, skal peningastefnunefnd taka ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans. Í lögunum er kveðið svo á að viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar séu eitt af stjórntækjum bankans. Aukin gjaldeyrisinngrip eru í samræmi við tillögur Seðlabankans frá 2010 um endurbætur rammans um verðbólgumarkmiðið (sjá t.d. umfjöllun í *Sérriti* nr. 4: Peningastefnan eftir höft, desember 2010).

Mynd II-1

Mæld og undirliggjandi verðbólga[1]

Janúar 2012 - desember 2017




- Vísitala neysluverðs
- Vísitala neysluverðs án húsnæðis
- Samræmd vísitala neysluverðs
- Verðbólgumarkmið
- Bil 1. og 3. fjórðungs mats á undirliggjandi verðbólgu

1. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölum (áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvöruliða, bensíns, opinberrar þjónustu og reiknaðrar húsaleigu eru undanskilin) og tölfræðilegum mælikvörðum (vegnu miðgildi, klipptum meðaltölum og kviku þáttalíkani).
*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd II-2

Gengi krónu og gengisflökt

Daglegar tölur 4. janúar 2010 - 29. desember 2017




- Vísitala meðalgengis - viðskiptavog þröng (andhverfur v. ás)[1]
- Gengisflökt krónu (h. ás)[2]

1. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum. Vinstri ás er andhverfur þannig að styrking krónunnar kemur fram sem hækkun ferilsins. 2. Flökt krónu er 3 mánaða staðalfrávik daglegra breytinga.
*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Mynd II-3

Meginvextir Seðlabanka Íslands[1]

Daglegar tölur 3. janúar 2001 - 29. desember 2017




1. Meginvextir Seðlabankans eru vextir á 7 daga veðlánum fram til 31. mars 2009, vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana í Seðlabankanum frá 1. apríl 2009 til 30. september 2009, meðaltal vaxta á viðskiptareikningunum og á 28 daga innstæðubréfum frá 1. október 2009 til 20. maí 2014 og vextir á 7 daga bundnum innlánum frá 21. maí 2014.

*Heimild:* Seðlabanki Íslands.





Mynd II-4

Raunvextir Seðlabanka Íslands[1]

Janúar 2010 - desember 2017




1. Fram til maí 2014 er miðað við meðaltal innlánsvaxta og hámarksvaxta á innstæðubréfum með 28 daga binditíma sem nafnvexti bankans en frá maí 2014 er miðað við vexti 7 daga bundinna innlána. 2. Fram til janúar 2012 er miðað við 12 mánaða verðbólgu, verðbólguvæntingar fyrirtækja til eins árs, verðbólguvæntingar heimila til eins árs, verðbólguálag á fjármálamarkaði og spá Seðlabankans um ársverðbólgu eftir fjóra ársfjórðunga. Frá febrúar 2012 er einnig miðað við verðbólguvæntingar markaðsaðila til eins árs samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans.

*Heimildir:* Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

markaðurinn náði að fóta sig að nýju í umhverfi frjálsra fjármagnshreyfinga. Í lok ársins var gengi krónunnar um 0,7% lægra gagnvart vísitölu meðalgengis en í upphafi ársins samanborið við 18,6% hækkun á árinu 2016.

Peningastefnunefnd hélt vöxtum Seðlabankans óbreyttum fram í maí 2017 þegar þeir voru lækkaðir um 0,25 prósentur. Í júní voru vextir aftur lækkaðir um 0,25 prósentur og í október voru þeir lækkaðir um 0,25 prósentur til viðbótar. Í lok ársins voru meginvextir bankans, þ.e. vextir á 7 daga bundnum innlánum, 4,25%. Taumhald peningastefnunnar slaknaði á árinu. Raunvextir bankans, miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar, voru 1,7% í lok desember 2017 og höfðu lækkað um eina prósentu frá því í upphafi árs. Raunvextir bankans miðað við tólf mánaða verðbólgu lækkuðu einnig á árinu og voru 2,3% í árslok.

Aðhaldssöm peningastefna á undanförnum misserum hefur skapað verðbólguvæntingum aukna kjölfestu. Rökin fyrir lækkun vaxta á fyrri hluta ársins voru þau að minni verðbólguvæntingar leiddu til hækkunar raunvaxta bankans sem fól í sér nokkru meira aðhald en peningastefnunefnd hafði stefnt að og talið nægilegt til þess að stuðla að verðstöðugleika. Á októberfundi sínum taldi nefndin einnig svigrúm til að lækka vexti um 0,25 prósentur vegna þróunar verðbólgu og verðbólguvæntinga auk merkja um minnkandi spennu.

Ávöxtunarkrafa á skuldabréfamarkaði lækkaði um allt að 0,4 prósentur á fyrri hluta ársins í takt við vaxtalækkanir Seðlabankans. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa hækkaði undir lok sumarsins og aftur í kjölfar ríkisstjórnarslita um miðjan september. Hækkunin virtist fyrst og fremst skýrast af tímabundinni hækkun áhættuálags á langtímavexti enda gekk hún að nokkru leyti til baka er leið á árið. Krafan hækkaði hins vegar á ný undir lok ársins og var ávöxtunarkrafa flestra óverðtryggðra ríkisbréfa á bilinu 4,8-5% í árslok sem er lækkun um allt að 0,3 prósentur frá árslokum 2016.[4] Ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa var á bilinu 1,8-2,2% í lok desember eða allt að einni prósentu lægri en á sama tíma ári áður.

Nýtt innstreymi erlends gjaldeyris til nýfjárfestingar á innlendum ríkisskuldabréfamarkaði var tiltölulega stöðugt frá því að það hófst á ný eftir losun nær allra fjármagnshafta í mars 2017. Innflæðið var hins vegar mun minna en það var áður en fjárstreymistæki Seðlabankans var virkjað í júní 2016. Það nam um 30,4 ma.kr. á árinu, þar af var 18,3 ma.kr. ráðstafað til kaupa á ríkisbréfum en 12,1 ma.kr. fór í sérstaka bindingu í samræmi við reglur bankans. Á sama tíma jókst útflæði fjármagns sem áður kom inn sem nýfjárfesting á skuldabréfamarkaði. Hreint innflæði sem ráðstafað var í innlend skuldabréf nam einungis um 7,5 ma.kr. á árinu. Innstreymi fjár í skráð hlutabréf, sem falla ekki undir hina sérstöku bindiskyldu bankans, jókst hins vegar töluvert og nam um 48 ma.kr. en innstreymi í aðrar eignir minnkaði ef frá er talið innstreymi í tengslum við kaup erlendra aðila á innlendum viðskiptabanka.

4. Ávöxtunarkrafa óverðtryggða ríkisbréfsins með gjalddaga árið 2019 lækkaði meira á árinu og vaxtamunur við önnur ríkisbréf jókst. Mismunandi þróun á því og öðrum stuttum ríkisbréfum skýrist líklega af því að væntingar markaðsaðila breyttust um mitt ár 2017 vegna áætlana ríkissjóðs um endurkaup á bréfinu og hefur það haft áhrif á verðlagningu þess.

## Ákvarðanir í peningamálum

Seðlabanki Íslands skal gera opinberlega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Í ritinu *Peningamál* gerir bankinn grein fyrir framvindu og horfum í efnahags- og peningamálum. Ritið var gefið út fjórum sinnum á árinu.

### Peningastefnunefnd og ákvarðanir hennar

Samkvæmt lögum tekur peningastefnunefnd Seðlabankans ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum. Stjórntækin teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvarðanir, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavaralán, bindiskylda og viðskipti á gjaldeyrismarkaði.

Peningastefnunefnd er skipuð Má Guðmundssyni seðlabankastjóra sem samkvæmt lögum er formaður nefndarinnar, Arnóri Sighvatssyni aðstoðarseðlabankastjóra, Þórarni G. Péturssyni, aðalhagfræðingi Seðlabankans, Gylfa Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands, og Katrínu Ólafsdóttur, lektor við Háskólann í Reykjavík. Á árinu 2017 var Katrín endurskipuð í nefndina til fimm ára.

Lög kveða svo á að peningastefnunefnd haldi fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Eftir vaxtaákvörðunarfund gefur nefndin út yfirlýsingu um ákvörðun sína. Nefndin skal birta fundargerðir sínar opinberlega og gera grein fyrir ákvörðunum sínum og forsendum þeirra. Fundargerðirnar eru birtar hálfum mánuði eftir að vaxtaákvörðun er tilkynnt. Þar kemur fram mat nefndarinnar á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum og rökstuðningur nefndarmanna fyrir afstöðu þeirra. Í samræmi við ákvæði laganna gefur peningastefnunefnd Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á ári.

Til þess að peningastefna geti verið framsýn þarf seðlabanki að ráða yfir haglíkönum sem gera honum kleift að meta efnahagshorfur, einkum verðbólguhorfur. Stöðugt er unnið að þróun haglíkana til að meta efnahagshorfur og greina áhrif peningastefnunnar. Liður í því að auka gegnsæi er að Seðlabankinn birtir meginspálíkanið og gagnagrunn þess á vef sínum.

### Vaxtaákvarðanir 2017

Átta vaxtaákvörðunarfundir voru haldnir á árinu 2017. Jafnframt átti peningastefnunefnd fund með kerfisáhættunefnd (sjá kafla I) til að ræða samspil peningastefnu, þjóðhagsvarúðar og fjármálastöðugleika. Samkvæmt samþykkt um starfshætti peningastefnunefndar frá 2010 skal greina frá því í ársskýrslu bankans hvernig einstakir nefndarmenn greiddu atkvæði á árinu. Vaxtaákvarðanir nefndarinnar voru með eftirfarandi hætti 2017:

*8. febrúar:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Í kjölfar mikilvægs áfanga við losun hafta í byrjun árs ákvað peningastefnunefndin einnig að viðskipti bankans á gjaldeyrismarkaði myndu markast af því að ekki væri þörf fyrir frekari stækkun gjaldeyrisforða og að hætta á tímabundnu ofrisi krónunnar í aðdraganda losunar fjármagnshafta hefði minnkað. Meginmarkmið gjaldeyrisinngripastefnu

Mynd II-5
Fjármagnsflæði vegna skráðrar nýfjárfestingar[1]
Janúar 2015 - desember 2017




1. Fjárfesting sem gerð er hér á landi eftir 31. október 2009 fyrir nýtt innstreymi erlends gjaldeyris sem skipt er í innlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Sjá nánar í lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. 2. Annað innflæði í mars 2017 kemur nánast að öllu leyti til vegna kaupa erlendra aðila á eignarhlut í innlendum viðskiptabanka.
*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Seðlabankans yrði því aftur að minnka skammtímasveiflur í gengi krónunnar.

*15. mars:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

*17. maí:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

*14. júní:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra en Gylfi Zoëga og Katrín Ólafsdóttir hefðu heldur kosið að lækka vexti um 0,5 prósentur en töldu sig engu að síður geta fallist á tillögu seðlabankastjóra.

*23. ágúst:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra en Gylfi Zoëga hefði heldur kosið að lækka vexti um 0,25 prósentur en taldi sig engu að síður geta fallist á tillögu seðlabankastjóra.

*4. október:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

*15. nóvember:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

*13. desember:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.



*Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands eins og hún var skipuð í árslok 2017 ásamt Rannveigu Sigurðardóttur, ritara nefndarinnar, sem er lengst til vinstri. Nefndarmenn frá vinstri eru: Gylfi Zoëga, Arnór Sighvatsson, Már Guðmundsson formaður, Katrín Ólafsdóttir og Þórarinn G. Pétursson.*

# III Fjármálakerfi

## Fjármálastöðugleiki

Annað tveggja meginhlutverka Seðlabanka Íslands er að stuðla að fjármálastöðugleika. Í því felst að fjármálakerfið geti staðist áföll í efnahagslífinu og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Heilbrigt fjármálakerfi er nauðsynleg forsenda hagstæðrar framvindu í efnahagsmálum og virkrar stefnu í peningamálum.

Meginviðfangsefni Seðlabankans á sviði fjármálastöðugleika er greining og mat á áhættu sem raskað getur stöðugleika í fjármálakerfinu, setning lausafjár-, fjármögnunar- og gjaldeyrisjafnaðarreglna sem lánastofnunum ber að starfa eftir og eftirlit með þeim. Greining bankans á stöðunni hverju sinni er birt í ritinu *Fjármálastöðugleiki* en það kom út tvisvar á árinu. Seðlabankinn tekur einnig virkan þátt í stefnumótun er varðar umgjörð fjármálakerfisins og mótun varúðarreglna. Í því felast náin samskipti við aðrar stofnanir, einkum Fjármálaeftirlitið og fjármála- og efnahagsráðuneytið, og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.

Bankinn leitast við að hafa góða yfirsýn yfir stöðu lánastofnana, fjármálamarkaða, heimila og fyrirtækja. Á undanförnum árum hefur einnig verið mikilvægt að fylgjast náið með ytri stöðu þjóðarbúsins, fjármagnsflæði og endurfjármögnunaráhættu innlendra aðila á erlendum lánsfjármörkuðum. Á árinu var líkt og sl. ár framkvæmt álagspróf fyrir stóru viðskiptabankana og meginniðurstöður þess birtar í ritinu *Fjármálastöðugleiki*. Álagsprófið nýtist við áhættumat og gefur vísbendingar um næmi banka fyrir óhagstæðri þróun eða áföllum. Niðurstöður álagsprófsins sýndu að á heildina litið voru bankarnir nokkuð vel í stakk búnir til að takast á við áföll. Í byrjun ársins lauk aðlögunartímabili samkvæmt lausafjár- og fjármögnunarreglum þegar lágmark lausafjárhlutfalls Seðlabankans hækkaði úr 0,9 í 1,0 og lágmark fjármögnunarhlutfalls í erlendum gjaldmiðlum var hækkað úr 0,9 í 1,0. Líkt og undanfarin ár undirbjó Seðlabankinn, í samráði við Fjármálaeftirlitið, fundi kerfisáhættunefndar og tók saman greiningarefni fyrir fundina.

### Þróun fjármálastöðugleika

Á árinu 2017 voru efnahagsleg skilyrði í meginatriðum hagstæð fjármálakerfinu. Skuldsetning heimila og fyrirtækja var lítil í sögulegu samhengi, bæði í hlutfalli við ráðstöfunartekjur og landsframleiðslu. Með minni skuldsetningu og bættri eignastöðu eru heimili og fyrir-

Mynd III-1
Eiginfjárhlutföll viðskiptabankanna[1]




1. Samstæður. Eiginfjárgrunnur sem hlutfall af áhættugrunni. Eiginfjárhlutfall fyrir MP banka 2011-2014.
*Heimildir:* Ársreikningar viðskiptabanka.

Mynd III-2
Lausafjárhlutfall stóru viðskiptabankanna þriggja[1]




1.Samstæður. Nýjar lausafjárreglur tóku gildi í lok mars 2017. 2. Skv. eldri lausafjárreglum fylgist SÍ einnig með LCR-hlutfalli til þriggja mánaða.
*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Tafla III-1 Reglusetning Seðlabankans á lánastofnanir

| *Reglur* | *Gildi* | *Gildistaka* |
|---|---|---|
| Lausafjárreglur | Í erlendum gjaldmiðlum: 1,0<br>Í heild: 1,0 | 1.1.2017 |
| Fjármögnunarreglur | Í erlendum gjaldmiðlum: 1,0 | 1.1.2017 |
| Gjaldeyrisjöfnuður | +/-15% af eiginfjárgrunni | 1.1.2011 |

Mynd III-3
Fermetraverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu[1]




1. Á föstu verðlagi. 2. Miðbær Reykjavíkur norðan Hringbrautar og vestan Snorrabrautar, Hagar, Melar, Grandar og Hlíðar.
*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.





Mynd III-4
Útlán stóru viðskiptabankanna til ferðaþjónustu




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

tæki betur í stakk búin til að mæta áföllum en þau hafa verið um langt skeið. Auknar tekjur af útflutningi, einkum ferðaþjónustu, og hagstæð viðskiptakjör studdu að viðskiptaafgangi. Á árinu hækkuðu lánshæfiseinkunnir bæði ríkissjóðs og stóru viðskiptabankanna. Í árslok var staða stóru viðskiptabankanna traust. Bankarnir voru gerðir upp með töluverðum hagnaði á árinu en hann dróst þó saman á milli ára, einkum vegna minni tekna af óreglulegum liðum og afskrifta sem tengdust stóriðjuverkefnum. Eiginfjárhlutföll bankanna voru há þrátt fyrir töluverðar arðgreiðslur og lausafjárstaðan vel yfir lágmörkum samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands. Á árinu dró úr útlánaáhættu samfara bættri skuldastöðu heimila og fyrirtækja. Kjör bankanna á erlendri markaðsfjármögnun bötnuðu auk þess sem aðgengi þeirra að mörkuðum batnaði með hækkandi lánshæfiseinkunn. Á árinu voru ákveðin merki um spennu í þjóðarbúskapnum, einkum í tengslum við vöxt ferðaþjónustunnar og verðhækkanir á fasteignamarkaði, sem gætu ýtt undir fjármálalegt ójafnvægi til lengri tíma litið. Bakslag í ferðaþjónustu sem hefði í för með sér efnahagssamdrátt myndi leiða til lækkunar eigin fjár bankanna. Á árinu birti Seðlabankinn í riti sínu *Fjármálastöðugleiki 2017/2* niðurstöðu álagsprófs þar sem meðal annars kom fram að miðað við þær sviðsmyndir sem dregnar voru upp ættu erfiðleikar í ferðaþjónustu og aðlögun á fasteignamarkaði ekki að raska stöðugleika fjármálakerfisins.

Alþingi samþykkti á vorþingi breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands sem heimilar bankanum, að fengnu áliti fjármálastöðugleikaráðs, að setja lánastofnunum reglur um útlán tengd erlendum gjaldmiðlum til aðila sem ekki eru varðir fyrir gjaldeyrisáhættu.

### Fjármálastöðugleikaráð og kerfisáhættunefnd

Fjármálastöðugleikaráð er formlegur vettvangur til samráðs, upplýsingaskipta og stefnumótunar um fjármálastöðugleika en kerfisáhættunefnd starfar fyrir ráðið.[1] Hlutverk og verkefni kerfisáhættunefndar eru að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Nefndin nýtir til þess m.a. greiningarvinnu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins sem kveðið er á um í samstarfssamningi stofnananna, þ.m.t. vinnu sameiginlegra áhættumatshópa. Kerfisáhættunefnd semur greinargerð til fjármálastöðugleikaráðs um áhættu og gerir tillögur til ráðsins í samræmi við lög og starfsreglur. Umsýsla nefndarinnar er á hendi Seðlabankans. Á árinu fundaði kerfisáhættunefnd fjórum sinnum og útbjó margvíslegt efni fyrir fundi fjármálastöðugleikaráðs.

Bendi greiningar til þess að fjármálastöðugleika sé ógnað skal fjármálastöðugleikaráð gefa út tilmæli um viðeigandi aðgerðir, aðrar en beitingu stjórntækja Seðlabanka Íslands í peningamálum, til þar til bærra stjórnvalda. Jafnframt staðfestir fjármálastöðugleikaráð skilgreiningar á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum, innviðum og mörkuðum sem eru þess eðlis að starfsemi þeirra getur haft áhrif á fjármálastöðugleika. Á árinu fundaði fjármálastöðugleikaráð

1. Í fjármálastöðugleikaráði sitja fjármála- og efnahagsráðherra (formaður), seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Í kerfisáhættunefnd sitja seðlabankastjóri (formaður), forstjóri Fjármálaeftirlitsins (varaformaður), aðstoðarseðlabankastjóri, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins og sérfræðingur sem ráðherra skipar án tilnefningar til fimm ára í senn.

### Tafla III-2 Eiginfjáraukar

| *Eiginfjáraukar* | *Tilmæli FSR* | *Ákvörðun FME* | *Gildi* | *Gildistaka* |
|---|---|---|---|---|
| Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu, KMB* | 22.1.2016 | 1.3.2016 | 3% | 1.1.2017 |
| Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu, aðrar innlánsstofnanir | 22.1.2016 | 1.3.2016 | 1,5%<br>2%<br>3% | 1.1.2017<br>1.1.2018<br>1.1.2019 |
| Eiginfjárauki vegna kerfislegs mikilvægis* | 22.1.2016 | 1.3.2016 | 2% | 1.4.2016 |
| Sveiflujöfnunarauki | 22.1.2016<br>30.9.2016 | 1.3.2016<br>1.11.2016 | 1%<br>1,25% | 1.3.2017<br>1.11.2017 |
| Verndunarauki | | | 2,5% | 1.1.2017 |

* Kerfislega mikilvægir bankar eru Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf.
*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

### Tafla III-3 Önnur þjóðhagsvarúðartæki

| *Veðsetningarhlutfall* | *Gildi* | *Gildistaka* |
|---|---|---|
| Hámark veðsetningarhlutfalls íbúðarhúsnæðis vegna nýrra húsnæðislána til neytenda | 85% en 90% fyrir fyrstu kaupendur | 20.7.2017 |

*Heimild:* Fjármálaeftirlitið.

þrisvar sinnum. Á fundum ráðsins var m.a. farið yfir áhættu í fjármálakerfinu. Fjármálastöðugleikaráð hefur birt viðmið vegna ákvörðunar um kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki og staðfest kerfislegt mikilvægi Landsbankans hf., Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Íbúðalánasjóðs. Að fengnum tilmælum frá fjármálastöðugleikaráði hefur Fjármálaeftirlitið virkjað eiginfjárauka vegna kerfisáhættu, eiginfjárauka vegna kerfislegs mikilvægis og sveiflujöfnunarauka auk þess sem verndunarauki hefur tekið gildi með lögum. Fjármálaeftirlitið setti á árinu, að undangengnu áliti fjármálastöðugleikaráðs, reglur um hámarksveðhlutfall íbúðarhúsnæðis vegna nýrra húsnæðislána.

## Fjármálainnviðir

Markmið yfirsýnar með fjármálainnviðum af hálfu Seðlabanka Íslands er að stuðla að öryggi, virkni og hagkvæmni kjarnainnviða íslensks fjármálakerfis og þar með fjármálastöðugleika. Til kerfislega mikilvægra innviða teljast nú stórgreiðslukerfi Seðlabankans, jöfnunarkerfi Greiðsluveitunnar ehf. (félag í 100% eigu bankans) og verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. samkvæmt staðfestingu fjármálastöðugleikaráðs.

Í rekstri og yfirsýn með millibankagreiðslukerfum Seðlabankans skulu alþjóðlega viðurkennd tilmæli um bestu framkvæmd lögð til grundvallar, þ.e. kjarnareglur BIS/CPMI og IOSCO (e. Principles for Financial Market Infrastructures eða PFMI). Almennt gekk rekstur millibankakerfa vel á árinu 2017. Þó komu upp nokkur atvik sem gáfu tilefni til tillagna til úrbóta af hálfu yfirsýnaraðila. Endurnýjun undirliggjandi hugbúnaðarlausna bankans var áfram í undirbúningi á árinu.

Að því er útskiptingu annarra helstu grunninnviða greiðslumiðlunar varðar, þ.e. eigin innláns-, greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfa eftirlitsskyldra aðila, eiga Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið samstarf um viðbúnað, greiningu og mat á kerfisáhættu við innleiðingu kerfanna á vettvangi sameiginlegs áhættumatshóps um fjármálainnviði.

Sameiginlegir ferlar stofnananna um viðbúnað vegna greiðslumiðlunar hafa verið endurskoðaðir.

Seðlabankar Norðurlanda stóðu fyrir fyrstu sameiginlegu ráðstefnunni um net- og upplýsingaöryggi í Kaupmannahöfn í nóvember 2017, en stefnt er að því að um árlegan viðburð verði að ræða.

Á árinu var á vettvangi yfirsýnar lögð mikil vinna í uppbyggingu gagnabanka um greiðslumiðlun til að meta rekstrar- og lausafjáráhættu kerfislega mikilvægra fjármálainnviða, að þróa vísa fyrir kerfisáhættunefnd og fylgjast nánar með þróun greiðsluþjónustu hér á landi. Á sviði smágreiðslumiðlunar og smágreiðsluþjónustu eru breytingar framundan með nýrri greiðsluþjónustutilskipun (PSD2). Með hliðsjón af þessum breytingum er ljóst að reglubundið endurmat við upplýsingaöflun verður mikilvægt, m.a. í samstarfi við aðila á greiðsluþjónustumarkaði.

Ný verðbréfamiðstöð fékk starfsleyfi í árslok og undirbýr rekstur nýs verðbréfauppgjörskerfis. Enn er unnið að umbótum á löggjöf um starfsemi verðbréfamiðstöðva og verðbréfauppgjörskerfa, endurskoðun greiðsluþjónustulaga og löggjafar um netöryggi; í öllum tilvikum vegna innleiðingar EES-gerða (CSDR, PSD2 og NISD).

Uppgjörsframkvæmd debetkortaviðskipta var til skoðunar í Seðlabankanum á árinu frá sjónarhóli viðbúnaðar og fjármálastöðugleika, svo og möguleg útgáfa á rafkrónu.

**Rekstur kerfa – kerfislega mikilvægir fjármálainnviðir**

Rekstur stórgreiðslukerfisins og jöfnunarkerfisins gekk vel á árinu 2017. Í upphafi árs hætti Íbúðalánasjóður þátttöku í kerfunum. Beinir þátttakendur eru nú ellefu talsins, en auk þess er einn óbeinn þátttakandi í jöfnunarkerfinu. Haldin er heildstæð atvikaskráning um rekstur kerfanna, öll frávik skráð og atvikasamantektir gerðar reglulega auk ársskýrslu. Á árinu 2017 komu upp 175 atvik við rekstur kerfanna. Tvö atvik ollu þjónusturofi í stórgreiðslukerfinu, þ.e. tvisvar varð seinkun á opnun kerfisins, samtals um 15 mínútur. Virkur tími kerfisins var 99,998%. Fjallað er nánar um atvik í stórgreiðslukerfinu og jöfnunarkerfinu í ritinu *Fjármálainnviðir*.

Heildarvelta í stórgreiðslukerfinu dróst saman um 3% á árinu 2017 miðað við fyrra ár og nam rúmlega 17 billjónum króna (þ.e. rúmlega 17 þúsund milljörðum króna) í um það bil 107 þúsund greiðslufyrirmælum sem er 9,7% fjölgun frá árinu áður. Heildarvelta í jöfnunarkerfinu á árinu 2017 jókst hins vegar um 7,3% frá fyrra ári og nam alls 3,8 billjónum króna. Færslur urðu 83,6 milljónir sem var fjölgun um tæp 5% frá 2016.

Tvær viðbúnaðaræfingar sem snerta stórgreiðslu- og jöfnunarkerfin voru haldnar á árinu, annars vegar sértæk æfing Greiðsluveitunnar ehf. og Reiknistofu bankanna og hins vegar æfing með öllum markaðsaðilum og Reiknistofu bankanna vegna gangsetningar Sopra, sem er nýtt innlána- og innra greiðslumiðlunarkerfi Landsbankans. Þessar æfingar gengu vel og skiluðu tilætluðum árangri.

Gangsetning Sopra hjá Landsbankanum 19. nóvember skapaði mikið álag á stórgreiðslu- og jöfnunarkerfin og hluti þeirra 175 atvika sem upp komu á árinu á þar rætur.

Hinn 22. febrúar 2017 undirrituðu Seðlabankinn og ítalski hugbúnaðarframleiðandinn SIA formlegan samning um endurnýjun á millibankakerfum Seðlabanka Íslands, þ.e. stórgreiðslukerfinu og jöfnunarkerfinu. Þá hafði undirbúningsvinna með SIA staðið yfir í átta mánuði. Verkefninu miðaði vel á árinu en stefnt er að því að taka ný millibankakerfi í notkun á árinu 2018. Þá verða stórgreiðslukerfi seðlabanka Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Íslands öll frá sama hugbúnaðarframleiðanda.

Mynd III-5
Reiðufé í umferð




*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

## Reiðufé

Reiðufé í umferð utan Seðlabankans og innlánsstofnana jókst um 5,2 ma.kr. eða um 9,4% og nam 60,3 ma.kr. í lok árs 2017. Á undanförnum árum hefur reiðufé í umferð aukist talsvert, en er samt lítið í alþjóðlegum samanburði. Í árslok 2017 var reiðufé í umferð sem hlutfall af vergri landsframleiðslu um 2,4%. Þá voru 52,3% af verðmæti útgefinna seðla 10.000 kr. seðlar eða um 33,6 ma.kr. Hlutur 5.000 kr. seðla hefur minnkað mikið og er nú 35,5%. Á árinu 2017 bárust Seðlabankanum 7,4 milljónir seðla frá bönkum og var 5,9 milljónum seðla eytt.



*Stóru verkefni lauk á árinu með innleiðingu nýs viðskiptakerfis fyrir Seðlabanka Íslands. Á myndinni er starfshópur sem vann að innleiðingunni.Talið frá vinstri: Ólafur Gauti Hilmarsson, Kjartan Hansson, Arnar Björnsson verkefnisstjóri, Helga Guðrún Lárusdóttir, Halldór Kristinsson, Daníel G. Sigurðsson og Sigurður Hermannsson. Á myndina vantar Helgu Rún Helgadóttur og Tómas Áka Gestsson.*



*Á árinu var unnið að viðamiklu verkefni við endurnýjun millibankakerfa bankans. Á myndinni er starfshópur sem vann við endurnýjunina, talið frá vinstri: Kristín Ólafsdóttir, Þóra Helgadóttir verkefnisstjóri, Eyþór Gunnarsson, Hulda Sigmundsdóttir, Jón Bjarnason, Kristín Þórsdóttir og Hafþór Pálsson.*

# IV Gjaldeyrisforði

Seðlabanki Íslands varðveitir gjaldeyrisforða þjóðarinnar og er hann eitt af þeim tækjum bankans sem gera honum kleift að ná markmiðum sínum og sinna hlutverki sínu sem seðlabanki. Gjaldeyrisforðinn dregur úr áhrifum af ytri áhættu tengdri greiðslujöfnuði, svo sem vegna breytinga á aðgangi að erlendu lánsfé, og hann getur einnig nýst til að draga úr áhrifum sveiflna í fjármagnsstreymi til og frá landinu. Gjaldeyrisforði styrkir enn fremur tiltrú á mörkuðum um að landið geti staðið við erlendar skuldbindingar sínar. Þá er gjaldeyrisforðinn notaður til að styðja við peningastefnuna.

Mynd IV-1
Gjaldeyrisforði
Janúar 2014 - desember 2017




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

### Stærð

Stærð gjaldeyrisforðans tekur mið af umfangi utanríkisviðskipta, fyrirkomulagi gengis- og peningamála, reglum um fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti og erlendum skuldum ríkissjóðs og þjóðarbúsins. Á hverjum tíma ræðst æskileg stærð af horfum um þróun greiðslujafnaðar.

Í lok árs 2017 var gjaldeyrisforði Seðlabankans 687 ma.kr. eða 6,6 ma. Bandaríkjadala sem samsvarar u.þ.b. 27% af vergri landsframleiðslu Íslands 2017. Gjaldeyrisforðinn samsvaraði átta mánaða vöru- og þjónustuinnflutningi[1] og 39% af peningamagni og sparifé (M3) í lok ársins.

Mynd IV-2
Dreifing á eignum gjaldeyrisforða eftir gjaldmiðli og heimalandi útgefenda/mótaðila




*Heimild:* Bloomberg AIM.

### Helstu hreyfingar

Gjaldeyrisforðinn minnkaði um 129 ma.kr. á árinu 2017 eða um sem svarar 0,6 ma. Bandaríkjadala. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu dróst forðinn saman um 7% á árinu, sem hlutfall af peningamagni og sparifé (M3) dróst hann saman um 10% og hann dugði þremur mánuðum skemur fyrir innflutningi á vöru og þjónustu.

Stærstu þættirnir sem minnkuðu forðann á árinu voru endurkaup ríkissjóðs á skuldabréfi í Bandaríkjadölum að andvirði 116 ma.kr. og skuldabréfi í evrum að andvirði 49 ma.kr. Gjaldeyrisviðskipti vegna kaupa Seðlabankans á aflandskrónueignum á tímabilinu frá mars fram í júní lækkuðu forðann um 99 ma.kr.

Á móti ofangreindum endurkaupum ríkisins á skuldabréfi í evrum að fjárhæð 49 ma.kr. bauð ríkissjóður út skuldabréf í evrum sem stækkaði forðann um 62 ma.kr. Aðrir þættir sem stækkuðu forðann umtalsvert voru hrein gjaldeyriskaup Seðlabankans á millibankamarkaði sem námu 70 ma.kr. og önnur gjaldeyrisviðskipti sem námu 33 ma.kr.

### Afkoma og ávöxtun

Afkoma bankans af gjaldeyrisforða var neikvæð um 8,0 ma.kr. á árinu 2017 sem skýrist að mestu af styrkingu krónunnar gagnvart Bandaríkjadal, en bókfærður gengismunur var neikvæður um 12,9 ma.kr. Vaxtatekjur af gjaldeyrisforða voru jákvæðar um 9,1 ma.kr. en

1. Miðað við meðaltal fimm ára mánaðarlegs innflutnings vöru og þjónustu.

Mynd IV-3
Gjaldmiðlaskipting gjaldeyrisjafnaðar




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.





Mynd IV-4
Efnahagur Seðlabanka Íslands




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

breytingar á markaðsverði verðbréfa og gulls leiddu til þess að forðinn minnkaði um 4,1 ma.kr. Á árinu var ávöxtun á skuldabréfum og innstæðum 0,4%.

## Varðveisla

Í gildi eru starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisforða sem seðlabankastjóri setur og bankaráð staðfestir. Þar eru sett ytri mörk ásættanlegrar fjárhagslegrar áhættu bankans vegna gjaldeyrisforða. Í þeim er einnig kveðið á um ábyrgð og verkaskiptingu við varðveislu forðans og tilgreindar þær meginreglur sem gilda um mat fjárhagslegrar áhættu, mælingu, greiningu og stýringu hennar. Fjárfestingarnefnd Seðlabankans markar meginstefnu um stýringu gjaldeyrisforðans með fjárfestingarstefnu innan ramma starfsreglnanna. Á grunni fjárfestingarstefnunnar eru sett saman eignasöfn sem eru viðmið fyrir framkvæmd stefnunnar. Við mælingar, stýringu og umsýslu á forðanum er höfð hliðsjón af þessum viðmiðum. Á árinu 2017 var hafist handa við að aðlaga forðastýringuna nýjum fjárfestingarramma. Eignasöfn voru endurskipulögð og viðmiðum skuldabréfasafna breytt. Aðlögunin tekur tíma og er ávöxtun því ekki borin saman við viðmið í þessari ársskýrslu.

Gjaldeyrisáhætta er áfram stærsti liður í áhættu fyrir efnahag Seðlabanka Íslands. Áhættan stafar af því að Seðlabankinn varðveitir gjaldeyrisforða til þess að gera bankanum kleift að ná markmiðum sínum og sinna hlutverki sínu sem seðlabanki. Gjaldeyrisjöfnuði[2] er haldið innan þeirra marka sem ákveðin eru í fjárfestingarstefnunni og stýrt með tilliti til viðmiðsins. Bankinn notar meðal annars afleiður, s.s. gjaldmiðlaskiptasamninga, við stýringu gjaldeyrisjafnaðar.

Gjaldeyrisjöfnuður var jákvæður um 587 ma.kr. í lok árs 2017, sem samsvarar 5,6 ma. Bandaríkjadala. Afkoma gjaldeyrisjafnaðar árið 2017 mældist 1,6 ma.kr. yfir viðmiði. Það jafngildir 0,25% umframávöxtun af meðalstöðu gjaldeyrisjafnaðar árið 2017.

Gjaldeyrisforðinn er að miklu leyti ávaxtaður í erlendum verðbréfum en í árslok 2017 nam hlutfall verðbréfa 81% forðans. Innlán voru 13% forðans, en þau voru að mestu leyti hjá seðlabönkum og Alþjóðagreiðslubankanum. Í lok árs 2017 voru innstæður hjá fjármálafyrirtækjum innan við 1% forðans.

Gullforði Seðlabankans var óbreyttur milli ára mældur í þyngdareiningum og var virði hans 8,7 ma.kr. eða um 1% af forða í árslok 2017. Bókfært virði gullforðans jókst um 0,4 ma.kr. eða um 5%.

Samkvæmt starfsreglum um gjaldeyrisforða teljast mjög seljanlegar eignir ríkisskuldabréf í eigin gjaldmiðli ríkis sem gefin eru út í Bandaríkjadölum, evrum og sterlingspundum, innstæður hjá seðlabönkum þessara ríkja eða Alþjóðagreiðslubankanum.[3] Slíkar eignir voru 68% af gjaldeyrisforðanum í lok árs 2017.

Á mynd IV-2 má sjá skiptingu gjaldeyrisforðans í lok árs 2017 eftir löndum og gjaldmiðlum. Nánar er fjallað um stýringu fjárhagslegrar áhættu bankans í skýringum með samstæðureikningi.

---

2. Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabankans er skilgreindur sem eignir bankans í erlendum gjaldeyri að frádregnum skuldum í erlendum gjaldeyri.
3. Útgefendur bréfa þurfa að minnsta kosti að hafa lánshæfiseinkunnina AA til að þau geti flokkast undir mjög seljanlegar eignir.

# V Lánamál ríkissjóðs

## Samningur um lánamál ríkissjóðs

Seðlabanki Íslands sér um erlendar lántökur ríkissjóðs ásamt framkvæmd innlendra útboða, uppkaupa og innlausnar ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlarasamninga og hefur umsjón með verðbréfalánum til aðalmiðlara samkvæmt sérstökum samningi við fjármála- og efnahagsráðuneytið frá 18. október 2010. Bankinn annast áhættu- og lánsfjárstýringu eftir viðmiðum sem ráðuneytið setur um stýringu á lánasafni ríkissjóðs og sinnir upplýsingagjöf um lánamál ríkissjóðs til markaðsaðila og ráðuneytisins. Í samningnum er kveðið svo á að bankinn annist samskipti og miðlun upplýsinga um íslensk efnahagsmál til erlendra matsfyrirtækja og lánastofnana og sinni verkum er snúa að ríkisábyrgðum og endurlánum, t.d. umsýslu ríkisábyrgða og mati á áhættu ríkissjóðs vegna þeirra. Hann veitir ráðuneytinu umsagnir vegna ríkisábyrgða, sér um afgreiðslu ábyrgða samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins og innheimtir áhættugjald vegna þeirra. Þá sér bankinn um útgáfu skuldabréfa vegna endurlána ríkissjóðs.

Mynd V-1
Skipting lánasafns ríkissjóðs
Í lok árs 2017




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

## Innlend lánamál

Í árslok 2017 námu innlendar skuldir 795 ma.kr. og höfðu lækkað um rúma 126 ma.kr. frá fyrra ári. Á árinu var stefnt að útgáfu ríkisbréfa að fjárhæð 45 ma.kr. að söluvirði og náðist það markmið. Ríkisbréfaflokkurinn RIKB 17 0206 að fjárhæð 37 ma.kr. kom til innlausnar. Skuldabréf ríkissjóðs sem gefið var út árið 2008 til að endurfjármagna Seðlabankann eftir fall viðskiptabankanna var greitt upp á árinu en staða þess í ársbyrjun var 29 ma.kr. Einnig keypti ríkissjóður til baka eigin bréf í ríkisbréfaflokknum RIKH 18 1009 að nafnvirði 102 ma.kr., en sá flokkur var upprunalega gefinn út til að endurfjármagna fjármálastofnanir.

Áætlun fyrir árið 2017 gerði ráð fyrir að staða ríkisvíxla myndi lækka um 9 ma.kr. á árinu og enda í 10 ma.kr. Sá fyrirvari var þó gerður að tímabundin fjárþörf ríkissjóðs sem og aukin eftirspurn fjárfesta gæti valdið því að lokastaðan yrði hærri. Í upphafi árs áttu erlendir fjárfestar nær alla útistandandi ríkisvíxla í kjölfar þess að víxlarnir voru settir á undanþágulista vegna gjaldeyrisreglna. Eftirspurnin olli mjög lágum vöxtum sem innlendir aðilar voru ekki tilbúnir að sætta sig við og beindu því fjárfestingu sinni í önnur sambærileg skammtímainnlánsform. Í kjölfar þess að Seðlabankinn gerði samkomulag á árinu við eigendur aflandskróna um að kaupa af þeim aflandskrónur á fyrirfram ákveðnu gengi hvarf sá þáttur sem bjagaði verðmyndun ríkisvíxlanna. Innlendir aðilar fóru því aftur að sýna ríkisvíxlum áhuga sem endurspeglaðist í aukinni þátttöku þeirra í útboðum á árinu. Var því ákveðið að mæta þeim áhuga að einhverju leyti með því að auka útgáfu ríkisvíxla og nam lokastaða þeirra 15,8 ma.kr. í árslok.

Mynd V-2
Óverðtryggð ríkisbréf styttri en 5 ár




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa hækkaði í byrjun árs vegna verkfalls sjómanna sem m.a. olli lækkun á gengi íslensku krónunnar. Fljótlega fór þó krafan að lækka í kjölfar þess að matsfyrirtækið S&P Global Ratings tilkynnti um hækkun á lánshæfiseinkunn Íslands

Mynd V-3
Óverðtryggð ríkisbréf lengri en 5 ár




RIKB 25 0612
RIKB 28 1115
RIKB 31 0124

*Heimild:* Seðlabanki Íslands.





Mynd V-4
Verðtryggð ríkisbréf




RIKS 21 0414
RIKS 30 0701

*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Mynd V-5
Endurgreiðsluferill lána ríkissjóðs




Erlend lán
Verðtryggð ríkisbréf
Önnur lán
Óverðtryggð ríkisbréf og ríkisvíxlar
RIKH 18

*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

í A- og að matsfyrirtækið Fitch Ratings tilkynnti að horfum fyrir lánshæfiseinkunn ríkissjóðs yrði breytt úr stöðugum í jákvæðar. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra bréfa hélt áfram að lækka fram á mitt ár í kjölfar lægri verðbólguvæntinga og vegna lækkunar meginvaxta Seðlabanka Íslands um samtals 0,50 prósentur. Tilkynning Seðlabanka Íslands um að fjármagnshöftin á innlend heimili, fyrirtæki og lífeyrissjóði yrðu að mestu afnumin olli einnig lækkun á óverðtryggðu kröfunni.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra bréfa hækkaði síðan skarpt undir lok sumars þegar markaðsaðilar endurstilltu stöður sínar eftir sumarfrí og gengi íslensku krónunnar hafði lækkað. Í september olli stjórnmálaleg óvissa því að krafan hækkaði snögglega. Hún lækkaði þó fljótlega aftur þegar ljóst var að hægt hefði á hækkun húsnæðisverðs sem hefur verið aðaldrifkraftur innlendrar verðbólgu undanfarið. Í október lækkuðu meginvextir Seðlabanka Íslands um 0,25 prósentur sem hafði áhrif til lækkunar á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisbréfa. Krafan hækkaði síðan undir lok árs þegar ný ríkisstjórn tók við völdum vegna ótta markaðsaðila um að ríkisútgjöld myndu aukast, sem síðan varð raunin í fjárlögum sem samþykkt voru í desember.

Samkvæmt stefnu í lánamálum fyrir árin 2017-2021 skal tryggja að lánsfjárþörf og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs sé mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Stefnan miðaði einnig að því að hafin skyldi virk stýring á lausafé ríkissjóðs á árinu 2017. Markmiðið er að draga úr sveiflum á innstæðum ríkissjóðs í Seðlabankanum og að halda stöðunni að jafnaði í 40 ma.kr. Ef staða á innstæðureikningi er undir 40 ma.kr. getur ríkissjóður tekið lán á markaði til skamms tíma, svokallað peningamarkaðslán, og ef staða á reikningi ríkissjóðs er umfram 40 ma.kr. getur ríkissjóður boðið markaðsaðilum lán til skamms tíma gegn tryggum veðum. Allir aðalmiðlarar ríkisverðbréfa undirrituðu á árinu sérstaka skilmála Seðlabankans vegna þessara peningamarkaðslána. Frá því að virk lausafjárstýring hófst hafa innstæður ríkissjóðs færst nær viðmiðinu í hvert skipti sem samningur við aðalmiðlarana hefur verið gerður. Auk þess voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi við útgáfu ríkisvíxla í lok árs þar sem útgáfa þeirra verður nú gerð sveigjanlegri til að mæta tímabundnum sveiflum á reikningi ríkissjóðs innan ársins.

## Erlend lánamál

Í árslok 2017 námu erlendar skuldir ríkissjóðs 116,5 ma.kr. og höfðu lækkað um rúma 86 ma.kr. á árinu. Lækkunin kom að mestu til vegna uppgreiðslu lána, en á árinu keypti ríkissjóður til baka eigin skuldabréf að nafnvirði um 908 milljónir Bandaríkjadala í skuldabréfaflokki sem er á gjalddaga árið 2022.

Lán ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum eru fyrst og fremst tekin til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans, til að endurfjármagna útistandandi markaðsútgáfur og til að viðhalda aðgengi að erlendum mörkuðum. Gjaldeyrisstaða ríkissjóðs var góð á árinu og gjaldeyrisforði Seðlabankans nægur svo að ekki var talin þörf á að styrkja forðann með nýrri lántöku. Þess í stað var ákveðið að gefa út nýtt skuldabréf í evrum undir lok árs samhliða uppkaupum á eldra markaðsskuldabréfi með gjalddaga árið 2020 sem ber 2,5% fasta vexti. Uppkaupin námu rúmlega 398 milljónum evra og eru eftirstöðvar þess bréfs nú

352 milljónir evra. Nýja útgáfan í evrum nam 500 milljónum evra, ber einungis 0,5% fasta vexti og er gefin út til 5 ára á ávöxtunarkröfunni 0,56%.

## Ríkisábyrgðir

Ríkissjóður má ekki takast á hendur ríkisábyrgð nema heimild sé veitt til þess í lögum, samanber lög nr. 121/1997. Vegna áhættu ríkissjóðs skulu teknar fullnægjandi tryggingar að mati Ríkisábyrgðasjóðs en hann hefur umsjón með veittum ríkisábyrgðum og skal einnig fylgjast með rekstri þeirra aðila sem fengið hafa ríkisábyrgð og halda skrá yfir skuldbindingar sem ábyrgðin hvílir á. Stærstur hluti ríkisábyrgða er til kominn vegna eignaraðildar ríkissjóðs að Íbúðalánasjóði og Landsvirkjun. Aðilum sem njóta ríkisábyrgðar vegna eignaraðildar ríkissjóðs er skylt að fá samþykki Seðlabanka Íslands á lánskjörum og skilmálum lána sem þeir hyggjast taka erlendis. Ríkisábyrgðir í árslok 2017 námu 911 ma.kr. en voru 1.039 ma.kr. í árslok 2016.

## Alþjóðlegt mat á lánshæfi ríkissjóðs

Þrjú alþjóðleg matsfyrirtæki meta lánshæfi Ríkissjóðs Íslands með reglubundnum hætti, Fitch Ratings, Moody's Investors Service og S&P Global Ratings. Seðlabanki Íslands annast regluleg samskipti við matsfyrirtækin fyrir hönd ríkissjóðs. Lánshæfiseinkunn hefur einkum áhrif á lánskjör innlendra aðila á alþjóðlegum lánamarkaði. S&P Global Ratings hækkuðu langtímaeinkunn ríkissjóðs um eitt þrep í janúar 2016 og Moody's um tvö þrep í september. Á árinu 2017 hækkuðu Fitch og S&P Global Ratings lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs tvisvar hvort um sig eins og að neðan greinir. Lánshæfiseinkunn ríkissjóðs er nú í A-flokki hjá matsfyrirtækjunum þremur.

Fitch Ratings breyttu horfum um lánshæfiseinkunn ríkissjóðs í jákvæðar í janúar 2017. Matsfyrirtækið hækkaði lánshæfiseinkunn ríkissjóðs í júlí samhliða útgáfu ársskýrslu sinnar um Ísland. Lánshæfiseinkunn fyrir langtímaskuldbindingar var hækkuð í A- úr BBB+ og horfum áfram haldið jákvæðum. Drifkraftar hækkunarinnar voru einkum batnandi ytri staða þjóðarbúsins og skuldalækkun hins opinbera ásamt sterkum hagvexti. Í desember hækkaði matsfyrirtækið lánshæfiseinkunn ríkissjóðs fyrir langtímaskuldbindingar í A með stöðugum horfum. Einkunn fyrir skammtímaskuldbindingar var hækkuð í F1. Hækkunina mátti í meginatriðum rekja til sömu þátta og í júlí.

S&P Global Ratings hækkuðu lánshæfiseinkunn ríkissjóðs fyrir langtímaskuldbindingar í janúar í A- úr BBB+ vegna sterkari erlendrar stöðu, einkum batnandi greiðslujafnaðar og stærri gjaldeyrisforða. Lánshæfiseinkunnin A-2 fyrir skammtímaskuldbindingar var staðfest og horfum haldið stöðugum. Í mars hækkuðu S&P Global Ratings lánshæfiseinkunn ríkissjóðs fyrir langtímaskuldbindingar að nýju um eitt þrep í A í kjölfar losunar fjármagnshafta að mestu leyti sem S&P Global Ratings töldu að styrkti enn frekar erlenda stöðu þjóðarbúsins. Samhliða var lánshæfiseinkunn fyrir skammtímaskuldbindingar hækkuð í A-1. Horfur voru sagðar stöðugar.

Í árslok 2017 var einkunn Moody's á langtímaskuldbindingum ríkissjóðs A3 og horfur stöðugar.

Mynd V-6
Þróun skulda ríkissjóðs 2008-2017




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Mynd V-7
Skuldir ríkissjóðs og ríkisábyrgðir 2006-2017




*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.




*Fjárhagur hefur umsjón með fjárhagsupplýsingum bankans og félaga í hans eigu. Hér er starfsfólk fjárhagssviðs bankans sem stillti sér upp fyrir myndatöku um það leyti sem gerð ársreiknings bankans stóð sem hæst. Talið frá vinstri: Guðný Kjartansdóttir, Díana Dögg Gunnarsdóttir, Brynja Kristín Guðmundsdóttir, Kristbergur Ómar Steinarsson, Erla Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri, Daníel Gunnar Sigurðsson, Salome Birgisdóttir aðstoðarframkvæmdastjóri, Hekla Sörensen, Oddný Lára Eiríksdóttir, Guðrún María Traustadóttir, Sigurður Hermannsson og Hafdís Helgadóttir. Á myndina vantar Eyþór Gunnarsson, Guðrúnu Steindórsdóttur og Jónínu Guðbjartsdóttur.*

# VI Alþjóðleg samskipti

Seðlabanki Íslands annast fagleg og fjárhagsleg samskipti við alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu.

**Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn**

Seðlabanki Íslands fer með formleg tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir hönd íslenska ríkisins. Sendinefnd frá sjóðnum átti viðræður við stjórnvöld um stöðu og horfur í þjóðarbúskap Íslands í mars. Reglubundin umræða um Ísland fór fram í framkvæmdastjórn sjóðsins í júní. Sendinefnd frá sjóðnum kom aftur í stutta heimsókn síðla árs. Allar skýrslur sjóðsins um Ísland eru birtar á heimasíðum hans og Seðlabankans.

Ísland starfar með Norður- og Eystrasaltslöndunum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sameiginlega kjósa þessi lönd einn fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja alls 24 fulltrúar. Fulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórninni á árinu 2017 var Svíinn Thomas Östros. Skrifstofa kjördæmisins í sjóðnum tekur tvisvar á ári saman greinargerð um þau málefni sem hæst ber í starfi sjóðsins og framkvæmdastjórnarinnar auk afstöðu kjördæmisins til þeirra. Þessar greinargerðir eru birtar m.a. á heimasíðu Seðlabankans.

Fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (International Monetary and Financial Committee) fundar vor og haust. Már Guðmundsson seðlabankastjóri er fulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (Board of Governors) sem kemur saman á ársfundi sjóðsins ár hvert.

**Alþjóðagreiðslubankinn**

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel í Sviss (Bank for International Settlements). Bankinn er mikilvægur samráðsvettvangur seðlabanka og er upplýsinga- og rannsóknarstofnun á sviði peningamála og fjármálastöðugleika. Auk þess veitir bankinn seðlabönkum ýmiss konar bankaþjónustu. Seðlabankastjóri sótti á árinu reglulega fundi seðlabankastjóra sem haldnir eru á vegum Alþjóðagreiðslubankans.

**Efnahags- og framfarastofnunin**

Fulltrúar Seðlabanka Íslands taka þátt í starfi á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Sérfræðingar OECD koma auk þess reglulega til Íslands til að kynna sér framvindu efnahagsmála og gefa út skýrslur sem lýsa mati stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum og horfum.

**Samstarf við seðlabanka og fjármálaeftirlit**

Seðlabanki Íslands á margvíslegt og reglubundið samstarf við seðlabanka á Norðurlöndunum og víða í Evrópu. Seðlabankastjóri situr m.a. reglulega fundi seðlabankastjóra og yfirmanna fjármálaeftirlita á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum og bankinn tekur þátt í samstarfi Norður- og Eystrasaltslanda um fjármálastöðugleika (e. Nordic Baltic Stability Group, NBSG).

Frá árinu 2017 situr seðlabankastjóri fundi stjórnar kerfisáhætturáðs Evrópusambandsins (European Systemic Risk Board) sem áheyrnarfulltrúi. Þá sækir fulltrúi bankans fundi EBA (European Banking Authority).

Enn fremur tekur Seðlabankinn þátt í samstarfi um fjármálastöðugleika á vegum Fjármálastöðugleikaráðsins (Financial Stability Board, FSB) en það er helsti samræmingarvettvangur á sviði fjármálastöðugleika í heiminum.

**Aðrar fjármálastofnanir**

Í tengslum við vörslu gjaldeyrisforðans, umsjón með erlendum lánamálum ríkissjóðs og önnur áþekk viðfangsefni á bankinn samstarf við fjölmargar erlendar fjármálastofnanir. Þá annast bankinn reglubundin samskipti við alþjóðleg fyrirtæki sem meta lánshæfi ríkissjóðs (sjá kafla V).





*Starfsfólk mötuneytis sér til þess að útbúa rétta og holla næringu fyrir starfsmenn og ýmsa gesti sem þurfa að sækja fundi og fyrirlestra í Seðlabankanum. Talið frá vinstri: Rósa Borg Halldórsdóttir, Guðlaug Erla Ingólfsdóttir, Janthuan Uansa-Ard, Sigurberg Jónsson forstöðumaður, Sunisa Saengroong og Sigríður L. Gunnarsdóttir.*

# VII Sérstök verkefni

## Gjaldeyriseftirlit

Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með framkvæmd laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, og reglum settum á grundvelli þeirra, þ.á m. reglum um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris, og laga nr. 37/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum. Gjaldeyriseftirlitið sinnir almennu og sértæku eftirliti með því að farið sé að framangreindum lögum og reglum og leiðbeinir einstaklingum og lögaðilum. Þá afgreiðir gjaldeyriseftirlitið umsóknir um undanþágur frá lögum um gjaldeyrismál og umsóknir um úttektir af reikningum háðum sérstökum takmörkunum. Þá rannsakar gjaldeyriseftirlitið meint brot á lögum um gjaldeyrismál og lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum og reglum settum á grundvelli laganna. Gjaldeyriseftirlitið sinnir jafnframt ýmsum öðrum verkefnum, s.s. í tengslum við losun fjármagnshafta, eftirliti með nýfjárfestingu hérlendis og sérstakri bindingarskyldu vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris og reglusetningu. Þá tók gjaldeyriseftirlitið við eftirliti og framkvæmd vegna fjárfestingarleiðar Seðlabankans í ágúst 2017. Í því felst meðal annars að svara erindum sem berast vegna fjárfestingarleiðar, t.d. beiðnum um breytingar á kvöðum, eftirlit með kvöðum, tölfræðiúrvinnsla og hvað annað sem við kemur fjárfestingarleið eða þátttöku í henni.

Á árinu 2017 bárust Seðlabankanum 92 beiðnir um undanþágur frá lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, til samanburðar við 1020 beiðnir árið á undan. Fækkun innsendra beiðna má einkum rekja til nær fullrar losunar fjármagnshafta sem átti sér stað á árinu. Á árinu voru 315 beiðnir afgreiddar, þar af voru 152 beiðnir ekki undanþáguskyldar, 82 beiðnir samþykktar, 41 beiðni afturkölluð, 22 beiðnum hafnað og 18 málum lokið með öðrum hætti. Seðlabankinn veitti lífeyrissjóðum undanþágur til erlendrar fjárfestingar fyrir samtals 100 ma.kr. í byrjun árs en eftir losun fjármagnshafta í mars varð erlend fjárfesting þeirra ekki lengur háð takmörkunum. Samtals fjárfestu lífeyrissjóðir fyrir 89 ma.kr. á árinu. Á árinu 2017 bárust Seðlabankanum 312 tilkynningar um nýfjárfestingu, sbr. 13. gr. m. laga um gjaldeyrismál, og nam heildarfjárhæð hennar 127,5 ma.kr. 37 tilvik voru um fjárfestingu sem háð var bindingu samkvæmt reglum nr. 490/2016, um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris, og voru samtals 12,2 ma.kr. bundnir í samræmi við reglurnar. Heildarfjöldi staðfestingarbeiðna vegna áhættuvarna á grundvelli ákvæða reglna um gjaldeyrismál sem bárust Seðlabankanum var 57, en þar af voru 46 beiðnir staðfestar og 6 voru afturkallaðar.

Í árslok 2017 námu aflandskrónueignir samtals 88 ma.kr. en þær voru 191 ma.kr. í upphafi árs. Kom lækkun þeirra að mestu leyti til vegna kaupa Seðlabankans á aflandskrónueignum, eins og nánar er skýrt hér að aftan. Á árinu voru staðfestar úttektir á grundvelli 12. gr. laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, fyrir samtals 379 m.kr.

Á árinu 2017 voru 13 ný mál skráð vegna meintra brota á lögum og reglum um gjaldeyrismál. Á árinu var 67 rannsóknarmálum lokið á stjórnsýslustigi með sátt eða niðurfellingu og var eitt mál kært til lögreglu. Ekki komu upp mál á árinu vegna meintra brota á lögum og reglum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum.

## Veigamikil skref að losun fjármagnshafta á árinu

**Áframhaldandi losun fjármagnshafta á heimili og fyrirtæki**

Hinn 1. janúar 2017 kom til framkvæmda síðari áfanginn sem markaður var í lögum um gjaldeyrismál sem samþykkt voru á Alþingi 21. október 2016 og miðaði að losun fjármagnshafta á heimili og fyrirtæki. Í ársbyrjun hækkuðu fjárhæðarmörk úr 30 m.kr. í 100 m.kr. vegna fjárfestingar í fjármálagerningum, útgefnum í erlendum gjaldeyri, öðrum erlendum peningakröfum í erlendum gjaldeyri og fyrirfram- og uppgreiðslu lána í erlendum gjaldeyri. Einstaklingum var einnig veitt heimild til að kaupa og taka út erlendan gjaldeyri í reiðufé innan framangreinds fjárhæðarmarks án þess að framvísa farmiða vegna ferðalaga til útlanda. Jafnframt var innstæðuflutningur heimilaður innan fjárhæðarmarksins og var skilyrði um innlenda vörslu erlendrar verðbréfaeignar fellt niður. Samhliða þessum breytingum tóku gildi nýjar reglur um gjaldeyrismál sem fólu í sér enn frekari heimildir til fjármagnshreyfinga á milli landa og gjaldeyrisviðskipta. Helstu breytingar voru að heimild til endurfjárfestingar í erlendum gjaldeyri varð óháð tímamarki, fjármagnshreyfingar af reikningi í eigu erlends fjármálafyrirtækis í innlendum gjaldeyri (vostro-reikningi) urðu heimilar ef sýnt var fram á að þær væru vegna nýtingar heimildar innan framangreinds fjárhæðarmarks. Einnig var fjárfesting í fjármálagerningum, útgefnum í erlendum gjaldeyri, milli tveggja innlendra aðila heimiluð innan fjárhæðarmarksins. Þá voru gerðar nokkrar minni háttar breytingar, svo sem um auknar heimildir til gjafa og styrkja, um auknar heimildir einstaklinga undir 18 ára aldri til kaupa og úttektar erlends gjaldeyris í reiðufé og fjármagnshreyfingar vegna greiðslu meðlags erlendis. Með þessum breytingum höfðu fjármagnshöftin áhrif á mun færri aðila en áður og settu þorra almennings litlar sem engar skorður.

Þetta skref í losun fjármagnshafta tók ekki til aflandskrónueigna og lífeyrissjóða (umfram fjárhæðarmörk). Seðlabankinn ákvað þó að veita lífeyrissjóðum og öðrum innlendum vörsluaðilum séreignarlífeyrissparnaðar undanþágur frá lögum um gjaldeyrismál til erlendrar fjárfestingar eins og að framan greinir.

**Kaup Seðlabanka Íslands á aflandskrónum**

Hinn 12. mars 2017 tilkynnti Seðlabanki Íslands um samkomulag við stærstu eigendur aflandskrónueigna um kaup á aflandskrónueignum að fjárhæð um 90 ma.kr. á genginu 137,5 krónur á evru. Samhliða tilkynnti Seðlabankinn að hann hygðist bjóða öðrum eigendum aflandskrónueigna sömu kjör. Lokauppgjör viðskiptanna fór fram 22. júní 2017 og daginn eftir tilkynnti Seðlabankinn að hann hefði frá 12. mars 2017 keypt aflandskrónueignir í tveimur áföngum fyrir samtals um 112,4 ma.kr. á genginu 137,5 krónur á evru. Aflandskrónueignir sem Seðlabankinn keypti skiptust sem hér segir:

Tafla VII-1 Aflandskrónueignir

*Eignaflokkar aflandskróna, ma.kr.*

| | |
|---|---|
| Reiðufé og innstæðubréf (CBI 2016) | 46,5 |
| Ríkisskuldabréf og –víxlar | 62,0 |
| Skuldabréf Íbúðalánasjóðs | 3,9 |
| Samtals | 112,4 |

*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Aflandskrónueignir námu u.þ.b. 40% af vergri landsframleiðslu árið 2009 þegar umfang þeirra var sem mest. Með aðgerðum eins og Avens-samkomulaginu, gjaldeyrisútboðum sem haldin voru á tímabilinu 2011 til 2015, gjaldeyrisútboði í júní 2016 og nú síðast með viðskiptunum á árinu 2017 lækkaði aflandskrónustaðan í um 3,5% af vergri landsframleiðslu.

**Almenn losun fjármagnshafta á heimili, fyrirtæki og lífeyrissjóði**

Með breytingum sem gerðar voru á lögum um gjaldeyrismál í október 2016 var Seðlabankanum gert að endurskoða með reglusetningu 100 m.kr. fjárhæðarmark heimildar til fjárfestingar í fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri, öðrum peningakröfum í erlendum gjaldeyri, fyrirframgreiðslu og uppgreiðslu lána fyrir 1. júlí 2017. Í samræmi við framangreint hófst vinna fyrri hluta árs 2017 við reglusetningu sem lauk með gildistöku nýrra reglna um gjaldeyrismál hinn 14. mars 2017. Með reglunum voru veittar almennar undanþágur frá nær öllum takmörkunum laganna og skilaskylda erlends gjaldeyris afnumin. Þar með voru heimili og fyrirtæki almennt ekki bundin af takmörkunum sem lögin setja meðal annars á gjaldeyrisviðskipti, fjárfestingu erlendis, áhættuvarnir og lánaviðskipti. Breytingarnar fólu jafnframt í sér að erlend fjárfesting lífeyrissjóða, sjóða um sameiginlega fjárfestingu og annarra fjárfesta umfram fjárhæðarmark sem tilgreint er í lögum um gjaldeyrismál, sem bundin hafði verið við sérstakar undanþágur Seðlabankans, varð heimil án takmarkana. Enn eru þó til staðar takmarkanir á afleiðuviðskiptum í öðrum tilgangi en til áhættuvarna og tilteknum viðskiptum til að koma í veg fyrir vaxtamunarviðskipti á grundvelli fjárfestingar sem ekki er háð bindingarskyldu samkvæmt lögum um gjaldeyrismál og reglum um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris.

Ástæða þess að unnt var að ráðast í framangreindar breytingar á reglum um gjaldeyrismál var að undanfarið ár hafði dregið mjög úr hættu á greiðslujafnaðarójafnvægi sem gæti haft í för með sér óstöðugleika í gengis- og peningamálum eða í fjármálakerfinu. Í fyrsta lagi hafði þegar verið losað um takmarkanir á fjármagnshreyfingar að ákveðnum fjárhæðarmörkum án þess að það hefði valdið óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði í þeim mæli sem talist gæti ógna fjármálastöðugleika. Í öðru lagi hafði gjaldeyrisforði Seðlabankans stækkað mjög og nam í febrúarlok 2017 um 800 ma.kr. Eflingu forðans mátti ekki síst rekja til mikils viðskiptaafgangs. Horfur voru á áframhaldandi viðskiptaafgangi, erlendar skuldir höfðu minnkað og hrein erlend staða þjóðarbúsins varð jákvæð í fyrsta sinn frá því að mælingar hófust, sem dró enn frekar úr hættu á óstöðugleika. Aðstæður í heimsbúskapnum voru jafnframt hagstæðar til losunar fjármagnshafta. Í þriðja lagi var

fyrirséð að kaup Seðlabankans á aflandskrónum af stærstu eigendum aflandskrónueigna myndu draga úr áhættu til lengri tíma litið og auðvelda fullt afnám fjármagnshafta.

**Breytingar á lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum**

Hinn 27. maí 2017 tóku gildi lög um breytingar á lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum. Lögin voru liður í áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta og fólu þau í sér tvenns konar breytingar sem báðar miðuðu að rýmkun á heimildum til úttekta af reikningum sem háðir eru sérstökum takmörkunum. Með þeim var heimild einstaklinga, sem átt höfðu aflandskrónueignir í samfelldu eignarhaldi frá setningu fjármagnshafta hinn 28. nóvember 2008, til úttekta af reikningum háðum sérstökum takmörkunum hækkuð úr 1 m.kr. í 100 m.kr. í samræmi við heimild einstaklinga til fjármagnshreyfinga á milli landa og gjaldeyrisviðskipta samkvæmt lögum um gjaldeyrismál. Þá bættist við heimild til að taka út innstæður af slíkum reikningum sem falla til vegna greiðslna samningsbundinna afborgana af höfuðstól lánaskuldbindinga og verðbóta þeirra. Um er að ræða greiðslur sem falla undir viðskiptajöfnuð (e. current account) en samkvæmt stofnsáttmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er óheimilt að takmarka greiðslur sem falla undir viðskiptajöfnuð nema að fenginni sérstakri undanþágu frá stofnskránni vegna efnahagslegra aðstæðna, eins og Íslandi hafði verið veitt. Þannig var síðari breytingunni ætlað að taka mið af því að í kjölfar batnandi efnahagsástands og aðgerða stjórnvalda til losunar fjármagnshafta var ekki lengur þörf á þessari undanþágu.

**Gildandi takmarkanir og fjárstreymistæki**

Í lok ársins voru enn í gildi takmarkanir á tilteknum fjármagnshreyfingum á milli landa og gjaldeyrisviðskiptum sem miða að því að draga úr líkum á vaxtamunarviðskiptum með fjárfestingu sem fellur ekki undir reglur um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris. Til að tryggja virkni hinnar sérstöku bindingar á tiltekið fjármagnsinnstreymi eftir losun fjármagnshafta var reglum um gjaldeyrismál breytt í júní 2017 með þeim hætti að undanþága sem var veitt til afleiðuviðskipta við fjármálafyrirtæki hér á landi í áhættuvarnarskyni nær ekki til afleiðuviðskipta vegna áhættuvarna í tengslum við skuldabréfaútgáfur í íslenskum krónum erlendis. Til viðbótar voru gerðar nokkrar breytingar á reglunum sem ætlað var að koma í veg fyrir fjárfestingu hér á landi sem gæti orðið farvegur vaxtamunarviðskipta.

## Greiðsluveitan ehf.

Greiðsluveitan ehf. er félag í eigu Seðlabanka Íslands. Meginhlutverk félagsins er að starfrækja grunnkerfi greiðslumiðlunar ásamt tengdri þjónustu í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Greiðsluveitan hefur einnig með höndum tiltekna þætti í rekstri millibankakerfa, þ.e. stórgreiðslu- og jöfnunarkerfanna, en þessir kerfislega mikilvægu fjármálainnviðir eru nátengdir og að hluta til samhæfðir.

Fjórir starfsmenn Seðlabankans sátu í stjórn félagsins á árinu 2017, þ.e. Guðmundur Kr. Tómasson sem formaður, Tómas Örn Krist-

insson, Gerður Ísberg og Páll Kolka Ísberg. Auk þeirra sat Helga Hlín Hákonardóttir í stjórn félagsins sem óháður stjórnarmaður, skipuð af seðlabankastjóra.

## Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ)

Í kjölfar falls fjármálafyrirtækja á Íslandi haustið 2008 varð Seðlabanki Íslands stór kröfuhafi í bú innlendra fjármálafyrirtækja. Kröfurnar voru tryggðar með veðum af ýmsum toga. Hluti þessara krafna var færður til ríkissjóðs í árslok 2008, en Seðlabankinn hafði umsýslu með þeim. Kröfurnar voru svo færðar til Seðlabankans á ný á fyrri hluta ársins 2010.

Í lok árs 2009 voru umræddar eignir fluttar í sérstakt félag í eigu Seðlabankans sem ber heitið Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ). Í árslok 2017 átti ESÍ tvö dótturfélög, Hildu ehf., sem ESÍ tók yfir á miðju ári 2011, og SPB ehf., sem ESÍ tók yfir á miðju ári 2016.

Í lok árs 2017 nam efnahagur ESÍ um 8,2 ma.kr. og hafði dregist saman um ríflega 33,6 ma.kr. frá því í lok árs 2016 sem að mestu leyti má rekja til arðgreiðslu til Seðlabankans. Hagnaður ESÍ á árinu 2017 nam um 1,9 ma.kr. eftir skatta.

Skipuð var skilanefnd yfir ESÍ í október 2017 og hana skipa Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl. og Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri ESÍ. Innköllun félagsins lauk í desember. Einnig voru skipaðar skilanefndir yfir dótturfélögum ESÍ, Hildu ehf. og SPB ehf. í apríl og lauk innköllun í þau félög í júlí. Í skilanefnd Hildu ehf. eru Haukur C. Benediktsson og Steinar Þór Guðgeirsson hrl. Í skilanefnd SPB ehf. eru Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl. og Haukur C. Benediktsson.

## Menningarstyrkur tengdur nafni Jóhannesar Nordals

Hinn 11. maí 2017 fór fram sjötta úthlutun menningarstyrks sem tengdur er nafni Jóhannesar Nordals, fyrrverandi seðlabankastjóra. Alls bárust 48 umsóknir og hafa þær aldrei verið fleiri. Úthlutunarnefndin veitti þremur verkefnum styrk.

Ugla Huld Hauksdóttir hlaut styrk að fjárhæð 1,5 m.kr. fyrir sjónvarpsþáttaröð sem byggð er á þjóðsögum Jóns Árnasonar. Í þjóðsögunum er að finna mikinn menningarlegan auð sem verður nýttur sem efniviður í gerð þáttanna. Áætlað er að sjónvarpsþættirnir verði alls tíu.

Þórhallur Arnórsson og Jón Páll Halldórsson hlutu 750 þ.kr. styrk til verkefnisins Vargöld – önnur bók. Um er að ræða teiknimyndabókaröð sem fjallar um norræna goðafræði, allt frá myndun heimanna níu til ragnaraka, og verður bókin gefin út á íslensku og ensku.

Hallfríður Ólafsdóttir hlaut 750 þ.kr. styrk fyrir verkefnið Maxímús Músíkús fer á fjöll, um íslenska náttúru, tónlistina og menningararfinn. Fjórar bækur hafa komið út um músíkölsku músina en nýjasta verkið var að þessu sinni fyrst unnið á ensku með það að markmiði að kynna Ísland og íslenska menningu en verður nú endurskrifað á íslensku.

Í úthlutunarnefnd menningarstyrksins sitja Hildur Traustadóttir formaður, varafulltrúi í bankaráði Seðlabanka Íslands, Ásta Magnúsdóttir, ráðuneytisstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti og Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



*Á árinu tók sérstakt mannauðssvið til starfa. Talið frá vinstri: Íris Guðrún Ragnarsdóttir mannauðsstjóri, Telma Ýr Unnsteinsdóttir og Birna Kristín Jónsdóttir.*

# VIII Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið

## Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands

Samkvæmt rekstrarreikningi var tap af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2017 að fjárhæð 23.254 m.kr. en árið 2016 var tap af rekstrinum 34.696 m.kr. Að gengismun og tekjuskatti undanskildum var 7.261 m.kr. tap af rekstri Seðlabankans á árinu 2017 samanborið við 61.226 m.kr. hagnað á árinu 2016. Seðlabanki Íslands er undanþeginn tekjuskatti en félög í eigu hans greiða tekjuskatt. Hér til hliðar er tafla sem sýnir breytingu á helstu liðum í rekstrarreikningi bankans. Gengistap á árinu 2017 nam alls 15.931 m.kr. sem rekja má til gengisbreytinga og stórs gjaldeyrisforða bankans, en á árinu 2016 nam gengistap 88.745 m.kr. Á árinu lækkaði gengi krónunnar gagnvart viðskiptaveginni körfu gjaldmiðla um 0,7% frá upphafi til loka ársins. Gagnvart evru lækkaði gengið um 4,7% en hækkaði um 8% gagnvart Bandaríkjadal.

Afkoma bankans var neikvæð en batnaði þó um 11.442 m.kr. Hrein vaxtagjöld námu um 14.157 m.kr. á árinu samanborið við um 12.107 m.kr. árið 2016. Vaxtatekjur af innlendum eignum lækkuðu um 2.348 m.kr. milli ára sem rekja má til sölu innlendra eigna sem og uppgreiðslu skulda við bankann en á árinu greiddi ríkissjóður upp skuldabréf við bankann frá árinu 2008. Vaxtagjöld af innlendum lausum og bundnum innstæðum jukust um 1.163 m.kr. milli ára.

Aðrar rekstrartekjur bankans lækkuðu um 68.578 m.kr. milli ára. Það skýrist af 65.289 m.kr. eins skiptis hagnaði ESÍ vegna uppgjörs föllnu fjármálafyrirtækjanna á árinu 2016 ásamt aflandskrónuútboðum árin 2016 og 2017. Að þessum liðum frátöldum lækkuðu aðrar rekstrartekjur um 3,2 m.kr. milli ára. Verðendurmat erlendra verðbréfa nam 5.353 m.kr. til gjalda á árinu en markaðsverðmæti gulleignar bankans hækkaði um 1.089 m.kr. á árinu. Þjónustutekjur umfram þjónustugjöld lækkuðu um 510 m.kr. milli ára sem rekja má til þjónustugjalda vegna aflandskrónuútboðs sem fram fór á árinu. Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum á árinu 2017 nam 14.002 m.kr., sem rekja má til útboðsins.

Í október 2017 var samþykkt að slíta Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf. og skipa skilanefnd. Því er ESÍ nú haldið utan samstæðu Seðlabanka Íslands. Hagnaður ESÍ nam 1.931 m.kr. Rekstrargjöld bankans lækkuðu um 211 m.kr., aðallega vegna lækkunar á svokölluðum öðrum rekstrarkostnaði sem skýrist einkum af lækkun á kostnaði við aðkeypta þjónustu.

Eignir bankans námu alls 763.782 m.kr. í árslok 2017 en voru 876.071 m.kr. í lok ársins 2016. Erlendar eignir lækkuðu á árinu um 129.380 m.kr. Seðlabankinn keypti gjaldeyri af viðskiptavökum fyrir um 70,3 ma.kr. á árinu. Vegna breytinga á ársreikningalögum þarf að endurmeta fasteignir bankans árlega þar sem þær hafa áður verið endurmetnar. Hækkun varanlegra rekstrarfjármuna er tilkomin vegna þessa. Eigið fé bankans nam 22.202 m.kr. í árslok 2017 og eigin-

### Tafla VIII-1 Helstu liðir rekstrarreiknings

| *(Tölur í milljónum kr.)* | *2017* | *2016* | *Breyting* |
|---|---|---|---|
| Afkoma á árinu | (23.254) | (34.696) | 11.442 |
| *Breytingar greinast þannig:* | | | |
| Hrein vaxtagjöld | (14.157) | (12.107) | (2.051) |
| Aðrar tekjur | 9.093 | 77.670 | (68.578) |
| þ.a. a) Gengishagnaður aflandskrónuútboðs | 14.386 | 29.188 | (14.801) |
| b) Tekjur tengdar ESÍ | 0 | 50.488 | (50.488) |
| Rekstrargjöld | (4.127) | (4.338) | 211 |
| *Áhrif félaga utan samst.* | 1.931 | 0 | 1.931 |
| Gengismunur | (15.931) | (88.745) | 72.814 |
| Tekjuskattur | (62) | (7.177) | 7.115 |

### Tafla VIII-2 Helstu liðir efnahagsreiknings

| *(Tölur í milljónum kr.)* | *2017* | *2016* | *Breyting* |
|---|---|---|---|
| Eigið fé: | 22.202 | 44.067 | (21.865) |
| *Breyting greinist þannig:* | | | |
| *Eignir:* | | | |
| Gulleign | 8.732 | 8.310 | 422 |
| Erlendar eignir | 668.332 | 797.712 | (129.380) |
| Gjaldeyrisstaða við AGS | 10.389 | 10.596 | (207) |
| Innlendar fjáreignir | 61.886 | 51.447 | 10.439 |
| Varanl. rekstrarfjármunir | 6.193 | 4.794 | 1.399 |
| Aðrar eignir | 8.251 | 3.213 | 5.038 |
| *Skuldir:* | | | |
| Seðlar og mynt | 68.007 | 62.328 | 5.679 |
| Erlendar skuldir | 23.047 | 24.540 | (1.493) |
| Mótvirði við AGS | 16.698 | 17.030 | (332) |
| Innstæður fjármálast. | 102.388 | 71.158 | 31.231 |
| Aðrar innstæður | 226.790 | 307.826 | (81.036) |
| Innlendar fjárskuldir | 303.822 | 340.037 | (36.215) |
| Aðrar skuldir | 827 | 9.085 | (8.258) |
| Eigið fé bankans | 22.202 | 44.067 | (21.865) |

fjárhlutfall bankans var 2,9% samanborið við 5,0% í árslok 2016. Í árslok 2017 námu erlendar eignir bankans um 90% af heildareignum samanborið við 93% í árslok 2016.

Ársreikningur bankans er birtur aftar í skýrslunni auk ítarlegra skýringa á einstökum liðum.

## Afkomuhorfur og eiginfjármarkmið

Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands skal bankinn búa yfir fjárhagslegum styrk sem gerir honum kleift að rækja lögbundið hlutverk sitt. Seðlabankinn gerir því árlega greiningu á horfum í rekstri og áhættu auk sviðsmyndagreiningar þar sem tekið er tillit til áhrifa hugsanlegra aðgerða til að bæta afkomu á því tímabili sem er til viðmiðunar. Liður í þessu er að bankinn skal ákveða á hverju ári eiginfjármarkmið sem endurspeglar þörf hans fyrir eigið fé og vaxtaberandi eignir. Eiginfjármarkmiðið tekur mið af rekstrarkostnaði bankans og þeirri áhættu og óvissu sem bankinn stendur frammi fyrir á hverjum tíma. Ákvörðun um eiginfjármarkmið er staðfest af bankaráði.

Á síðasta ári var eiginfjármarkmið ákveðið 150 ma.kr. á grundvelli framreikninga sem þá voru gerðir. Greiningin þá sýndi að án innköllunar eigin fjár yrði afkoman neikvæð um 18 ma.kr. á ári frá og með árinu 2018. Eftir sem áður kallaði bankinn ekki inn eigið fé frá ríkissjóði á síðasta ári eins og lagaheimild var fyrir, eða allt upp að 52 ma.kr. á verðlagi við gildistöku laganna. Það var gert þar sem talið var að staðan gæti batnað á árinu vegna fyrirhugaðra frekari viðskipta bankans með aflandskrónur og gekk það eftir. Í öðru lagi var talið líklegt að vaxtamunur gagnvart útlöndum myndi minnka, sem einnig gekk eftir. Þá hafa fleiri leiðir verið í skoðun til að bæta rekstrarafkomu bankans. Endurskoðaðir framreikningar um afkomu og eigið fé bankans sýna að horfur um afkomu bankans árin 2018 til 2025 án aðgerða hafa batnað um sem nemur 3 ma.kr. á ári. Eigi að síður er staðan enn sú að eigið fé verður fljótlega neikvætt ef ekki verður gripið til aðgerða. Að sinni telur Seðlabankinn þó ekki ástæðu til að breyta markmiðinu um eigið fé og hefur hann því lagt til og fengið staðfestingu bankaráðs á því að það verði áfram 150 ma.kr. Nýir framreikningar og mat á eiginfjármarkmiði munu hins vegar fara fram á árinu 2018 í ljósi nýrra rekstrartalna og árangurs nýrra leiða sem eru til skoðunar og þá skýrist hvort og hvenær þurfi að koma til innköllunar á eigin fé.

Árlega er tekin ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar bankans samkvæmt aðferð sem innleidd var með lögum nr. 122/2014. Þannig er hagnaði bankans, eftir að gerðar hafa verið færslur í varasjóð, ráðstafað til ríkissjóðs svo fremi sem honum er ekki ráðstafað til að efla eigið fé bankans. Þar sem afkoma bankans var neikvæð á árinu 2017 kemur ekki til þess að taka þurfi ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar.

## Mat á myntsláttuhagnaði Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands hefur einkarétt á að gefa út seðla og mynt á Íslandi. Þar sem seðlar og mynt bera enga vexti og Seðlabankinn getur nýtt seðla- og myntútgáfuna til að fjármagna kaup á vaxtaberandi eignum myndast hagnaður af peningaútgáfunni. Hægt er að mæla þennan „myntsláttuhagnað“ (e. seigniorage) með mismunandi hætti en tvær aðferðir eru taldar henta best við að ná utan um þetta hér á landi.

Fyrri aðferðin felst í því að mæla aukningu á seðlum og mynt á einu ári sem myntsláttuhagnað þess árs. Myntsláttuhagnaður Seðlabankans á þennan mælikvarða var 0,21% af VLF 2017 eða um 5,4 ma.kr. (reiknað út frá meðalstöðu á hverju ári) en 0,17% að meðaltali á ári á tímabilinu 1995-2017.

Seinni mælikvarðinn á myntsláttuhagnaðinn er að horfa til vaxtatekna. Á þennan mælikvarða felst myntsláttuhagnaðurinn í vaxtatekjum af eignum sem bankinn gæti keypt fyrir útgáfu á seðlum og mynt. Þar sem engar tilteknar eignir eru eyrnamerktar sérstaklega í þessum tilgangi þarf að áætla þessar tekjur. Hér er það gert með því að miða við að bankinn hafi keypt fyrir seðla- og myntútgáfuna eignir sem bera áhættulausa skammtímavexti, sem nálgaðir eru með meginvöxtum Seðlabankans,

Á þennan mælikvarða nam myntsláttuhagnaður Seðlabankans 0,11% af VLF 2017 eða tæplega 3 ma.kr. og á árunum 1995-2017 hefur hann einnig verið að meðaltali 0,11%. Þó verður að hafa í huga að þetta er tiltölulega gróf nálgun og gert ráð fyrir að kostnaður vegna útgáfu peninga (þ.e. kostnaður vegna framleiðslu þeirra auk umsýslu- og launakostnaðar) sé enginn.





## Stjórn og starfslið

### Bankaráð Seðlabanka Íslands

Í lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, segir að í bankaráði Seðlabanka Íslands, sem kosið er af Alþingi að loknum hverjum Alþingiskosningum, skuli sitja sjö fulltrúar. Í upphafi árs 2017 var bankaráð þannig skipað að formaður var Þórunn Guðmundsdóttir. Aðrir aðalfulltrúar voru Jón Helgi Egilsson, Ingibjörg Ingvadóttir, Ragnar Árnason, Ágúst Ólafur Ágústsson, Björn Valur Gíslason og Auður Hermannsdóttir en varafulltrúar voru Heiðrún Lind Marteinsdóttir, Bára Valdís Ármannsdóttir, Þórlindur Kjartansson, Leó Löve, Sigrún Elsa Smáradóttir, Hildur Traustadóttir og Sunna Jóhannsdóttir. Kosið var í bankaráð 25. apríl 2017 en kjörnir aðalfulltrúar voru Þórunn Guðmundsdóttir, sem var kosin formaður á fyrsta fundi nýkjörins ráðs, Björn Valur Gíslason, Sigurður Kári Kristjánsson, Þór Saari, Sveinn Agnarsson, Frosti Sigurjónsson og Auður Hermannsdóttir. Varafulltrúar voru kosin Kristín Thoroddsen, Hildur Traustadóttir, Þórlindur Kjartansson, Ólafur Margeirsson, Auðbjörg Ólafsdóttir, Bára Valdís Ármannsdóttir og Sunna Jóhannsdóttir. Bankaráð hélt 13 fundi á árinu.

### Seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri

Á árinu gegndi Már Guðmundsson embætti seðlabankastjóra en hann var skipaður í annað sinn til fimm ára frá og með 20. ágúst 2014. Arnór Sighvatsson gegndi embætti aðstoðarseðlabankastjóra en hann var endurskipaður til fimm ára frá og með 1. júlí 2013.

### Skipulag bankans

Starfsemi bankans skiptist í sex meginsvið og fjögur stoðsvið auk skrifstofu alþjóðasamskipta og seðlabankastjóra, en á árinu var bætt við sérstöku mannauðssviði. Skrifstofa alþjóðasamskipta og bankastjóra annast almennt skrifstofuhald fyrir bankastjóra, þjónustu við bankaráð, hefur umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun

bankans, ritstjórn ársskýrslu og heimasíðu. Skrifstofa alþjóðasamskipta og bankastjóra annast einnig regluleg samskipti við erlendar fjármálastofnanir önnur en fjármálaviðskipti, annast samskipti við alþjóðleg matsfyrirtæki, AGS og aðrar innlendar og erlendar stofnanir.

Hagfræði og peningastefna annast rannsóknir á sviði efnahags- og peningamála, gerir verðbólgu- og þjóðhagsspár, tekur þátt í mótun stefnu í gengis- og peningamálum, greinir þróun innlendra og erlendra efnahags- og peningamála, þ.m.t. þjóðhagslega þætti fjármálastöðugleika, og hefur umsjón með útgáfu ýmissa rita bankans, þ.e. *Peningamála*, *Hagvísa*, *Working Papers*, *Efnahagsmála* og *Economy of Iceland*. Hagfræði og peningastefna skiptist í tvær einingar; greiningar- og útgáfudeild og rannsókna- og spádeild.

Markaðsviðskipti og fjárstýring hefur umsjón með innlendum peninga- og gjaldeyrismarkaði og annast viðskipti við innlendar fjármálastofnanir. Sviðið sér um stýringu á efnahagsreikningi bankans, vörslu og ávöxtun gjaldeyrisforða ásamt umsjón með lánamálum ríkissjóðs, Ríkisábyrgðasjóði og endurlánum ríkissjóðs. Sviðið sér einnig um þau samskipti við erlendar fjármálastofnanir sem snúa að viðskiptum Seðlabankans og ríkissjóðs.

Verkefni gjaldeyriseftirlits er að fylgjast með að lögum og reglum um gjaldeyrismál sé framfylgt. Enn fremur tekur eftirlitið þátt í endurskoðun reglna, birtingu leiðbeininga og túlkun þeirra. Gjaldeyriseftirlit sér einnig um afgreiðslu beiðna um undanþágur frá lögum um gjaldeyrismál. Þá hefur gjaldeyriseftirlitið einnig heimild til að hefja rannsókn vegna ætlaðra brota á lögunum.

Gagnasöfnun og upplýsingavinnsla annast öflun, skráningu og úrvinnslu tölfræðilegra gagna sem Seðlabankinn safnar vegna starfsemi sinnar og vegna opinberrar hagskýrslugerðar. Bankinn safnar skipulega upplýsingum um innlendan lánamarkað, greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og reglulegri birtingu tölulegra gagna í ritum bankans og á vefsíðu hans. Seðlabankinn birtir tölulegar upplýsingar sínar í *Hagtölum Seðlabankans* á heimasíðu sinni. Sviðið skiptist í þrjár einingar, þ.e. fjármálafyrirtæki, greiðslujöfnuð og fjármálamarkaði.

Fjármálastöðugleiki annast greiningu á áhættu í fjármálakerfinu, setur lánastofnunum lausafjár- og gjaldeyrisjafnaðarreglur, annast eftirlit og tekur þátt í mótun varúðarreglna fyrir fjármálakerfið. Fylgst er með stöðu lánastofnana, heimila og fyrirtækja auk ytri stöðu þjóðarbúsins. Sviðið hefur umsjón með útgáfu bankans á ritinu *Fjármálastöðugleiki* og undirbýr fundi kerfisáhættunefndar.

Fjármálainnviðir hafa með höndum yfirsýn og eftirlit með kerfislega mikilvægum fjármálainnviðum með öryggi, skilvirkni og hagkvæmni að leiðarljósi. Þá annast sviðið rekstur millibankakerfa, útgáfu og umsýslu seðla og myntar og rekstur fjárhirslna. Sviðið hefur jafnframt umsjón með útgáfu ritsins *Fjármálainnviðir*. Auk þess heyrir undir sviðið félag í eigu Seðlabankans, Greiðsluveitan ehf., sem starfrækir greiðslukerfi og önnur þjónustukerfi tengd greiðslumiðlun.

Stoðsviðin eru nú fjögur, en sviði rekstrar og starfsmannamála var á árinu skipt í annars vegar rekstur og upplýsingatækni og hins vegar mannauð. Hin stoðsviðin eru fjárhagur og lögfræðiráðgjöf.

Rekstur og upplýsingatækni skiptist í fimm þjónustueiningar, þ.e. eignaumsjón og þjónustu, innri upplýsingaþjónustu, matar- og veitingaþjónustu, rekstrar- og skrifstofuþjónustu og upplýsingatækniþjónustu.

Mannauður ber ábyrgð á þróun og eftirfylgni mannauðsstefnu bankans með það að markmiði að styðja við heilbrigða fyrirtækjamenningu í samvinnu við starfsfólk bankans. Helstu verkefni mannauðs eru meðal annars utanumhald um nýráðningar, fræðslumál, starfsþróun, starfsánægjukannanir, launaákvarðanir, heilsa og vellíðun starfsfólks og jafnréttismál.

Fjárhagur hefur umsjón með fjárhagsupplýsingum bankans og félaga í hans eigu ásamt því að sjá um bókhald sjóðs Þjóðhátíðargjafar Norðmanna og Grænlandssjóðs sem eru í vörslu bankans. Sviðið sér um umsýslu erlendra og innlendra lána ríkissjóðs og Seðlabankans. Þá annast sviðið erlenda greiðslumiðlun með SWIFT-kerfi bankans og hefur umsjón með innlendum og erlendum greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki. Einnig sér sviðið um vörslu verðbréfa og uppgjör verðbréfaviðskipta. Starfsemi sviðsins skiptist í tvær deildir, reikningshald og bakvinnslu.

Lögfræðiráðgjöf veitir bankastjóra, sviðum og deildum bankans lögfræðiráðgjöf um málefni sem snerta hlutverk bankans og starfsemi hans. Ráðgjöfin tekur þátt í undirbúningi laga og reglna og gerð lögfræðiálita, annast margvíslega samningagerð fyrir hönd bankans, frágang löggerninga og lánasamninga.

Innri endurskoðandi starfar samkvæmt ákvæðum c-liðar 28. greinar laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, undir umsjón bankaráðs og er ábyrgur gagnvart því. Innri endurskoðun er starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur Seðlabanka Íslands og félaga í hans eigu. Innri endurskoðun leggur mat á virkni áhættustýringar og stjórnarhátta með kerfisbundnum vinnubrögðum og styður þannig bankann í að ná markmiðum sínum. Innri endurskoðun undirgekkst ytra gæðamat árið 2017 í samræmi við alþjóðlegan endurskoðunarstaðal nr. 1312. Samkvæmt því er öllum ófrávíkjanlegum ákvæðum alþjóðlegs ramma um innri endurskoðun fylgt, þ.m.t. siðareglum innri endurskoðanda og stöðlum um framkvæmd innri endurskoðunar.

## Starfsmannamál

Í lok árs 2017 voru starfsmenn Seðlabankans 181 auk fjögurra í hlutastarfi við ræstingu, samtals 185 starfsmenn. Á árinu voru 20 starfsmenn ráðnir til starfa en 20 létu af störfum. Sumarstarfsmenn á árinu 2017 voru 8. Kynjahlutfall var nokkuð jafnt en breyttist lítillega á árinu. Í upphafi árs voru 98 karlar og 87 konur í starfsliði bankans. Í lok árs voru 92 karlar og 93 konur. Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna var 82% í árslok. Þá störfuðu 6 karlar og 5 konur sem framkvæmdastjórar hjá bankanum og í hópi aðstoðarframkvæmdastjóra og forstöðumanna voru 16 karlar og 11 konur. Meðal næstráðenda í bankanum var hlutfall karla því 60% og kvenna 40%. Í árslok voru 13 starfsmenn félaga í eigu Seðlabanka Íslands, þar af 12 hjá Greiðsluveitunni ehf. og einn hjá Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf.

Tafla VIII-3 Fjöldi starfsmanna eftir sviðum

| *Svið* | *Fjöldi* |
|---|---|
| Alþjóðasamskipti og skrifstofa bankastjóra | 9 |
| Bankastjórar | 2 |
| Fjárhagur | 16 |
| Fjármálainnviðir | 13 |
| Fjármálastöðugleiki | 13 |
| Gagnasöfnun og upplýsingasvið | 15 |
| Gjaldeyriseftirlit | 21 |
| Hagfræði og peningastefna | 19 |
| Innri endurskoðun | 1 |
| Lögfræðiráðgjöf | 4 |
| Mannauður | 3 |
| Markaðsviðskipti og fjárstýring | 23 |
| Rekstur og upplýsingatækni | 42 |
| Ræstingar | 4 |
| Samtals | 185 |

# Stjórn Seðlabanka Íslands 31. desember 2017

## Bankaráð

*Aðalmenn*

Þórunn Guðmundsdóttir formaður
Sveinn Agnarsson varaformaður
Björn Valur Gíslason
Sigurður Kári Kristjánsson
Þór Saari
Frosti Sigurjónsson
Auður Hermannsdóttir

*Varamenn*

Kristín Thoroddsen
Hildur Traustadóttir
Þórlindur Kjartansson
Ólafur Margeirsson
Auðbjörg Ólafsdóttir
Bára Valdís Ármannsdóttir
Sunna Jóhannsdóttir





## Seðlabankastjóri

Már Guðmundsson

## Aðstoðarseðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson

*Yfirmenn*

| | |
|---|---|
| Alþjóðasamskipti og skrifstofa bankastjóra: | Jón Þ. Sigurgeirsson framkvæmdastjóri |
| Fjárhagur: | Erla Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri |
| Fjármálainnviðir: | Guðmundur Kr. Tómasson framkvæmdastjóri |
| Fjármálastöðugleiki: | Harpa Jónsdóttir framkvæmdastjóri |
| Gagnasöfnun og upplýsingavinnsla: | Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri |
| Gjaldeyriseftirlit: | Guðmundur Sigbergsson, starfandi framkvæmdastjóri |
| Hagfræði og peningastefna: | Þórarinn G. Pétursson aðalhagfræðingur |
| Lögfræðiráðgjöf: | Sigríður Logadóttir aðallögfræðingur |
| Mannauður: | Íris Guðrún Ragnarsdóttir mannauðsstjóri |
| Markaðsviðskipti og fjárstýring: | Sturla Pálsson framkvæmdastjóri |
| Rekstur og upplýsingatækni: | Ásta H. Bragadóttir framkvæmdastjóri |
| Innri endurskoðandi: | Nanna Huld Aradóttir |

*Félög í eigu Seðlabanka Íslands*

| | |
|---|---|
| Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ): | Haukur C. Benediktsson framkvæmdastjóri |
| Greiðsluveitan ehf.: | Logi Ragnarsson framkvæmdastjóri |

# Skipurit Seðlabanka Íslands





*Tölvubúnaður, hugbúnaðarkerfi og tengd þjónusta er ríkur þáttur í starfinu. Hér er starfsfólk í upplýsingatækniþjónustu. Talið að ofan frá vinstri: Lóa Jóhannsdóttir, Daníel Snorrason, Jón Viðar Þorsteinsson, Ragnhildur Björg Konráðsdóttir, Hafþór Þórarinsson, Svanfríður Helgadóttir og Friðrik Gunnlaugsson. Neðri röð talið frá vinstri: Ólafur Gauti Hilmarsson, Guðmundur Harðarson, Helga Guðrún Lárusdóttir, Gísli Geir Gylfason, Arnar Freyr Guðmundsson forstöðumaður, Guðrún Sif Hilmarsdóttir, Tómas Þór Tómasson og Gylfi Vilberg Árnason. Á myndina vantar Jón Ágúst Sigurðsson.*

# SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2017

# *Áritun óháðra endurskoðenda*

*Til bankaráðs og bankastjóra Seðlabanka Íslands*

*Álit*

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Seðlabanka Íslands fyrir árið 2017. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu yfirstjórnar Seðlabanka Íslands, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um breytingar á eigin fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Seðlabanka Íslands á árinu 2017, efnahag hans 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.

*Grundvöllur fyrir áliti*

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Seðlabanka Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Aðrar upplýsingar*

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela ársskýrslu Seðlabanka Íslands að undanskildum samstæðuársreikningnum og áritun okkar á hann.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um né veitum staðfestingu á efni þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggðri á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

*Ábyrgð stjórnenda á samstæðuársreikningnum*

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Seðlabanka Íslands. Ef við á, skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa bankann upp eða hætta starfsemi eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

*Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins*

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggist á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits bankans.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru og tengdar skýringar séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggist á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi bankans.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrgir fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum einir ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórnendur meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 23. mars 2018

Deloitte ehf.

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

Árni Þór Vilhelmsson
endurskoðandi

## Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjóri Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2017 með undirritun sinni. Frosti Sigurjónsson gerir þó þann fyrirvara að hann telur að ekki eigi að færa seðla og mynt til skuldar í efnahagsreikningi.

Reykjavík, 21. mars 2018



### Áritun bankaráðs

*Þórunn Guðmundsdóttir*
*formaður*

*Sveinn Agnarsson*
*Sigurður Kári Kristjánsson*
*Auður Hermannsdóttir*

*Hildur Traustadóttir*
*Þór Saari*
*Frosti Sigurjónsson*

### Áritun seðlabankastjóra

*Már Guðmundsson*

## Staðfesting forsætisráðherra

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda, bankaráðs og seðlabankastjóra staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 23. mars 2018

*Katrín Jakobsdóttir*

# Rekstrarreikningur 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur** | | | |
| Vaxtatekjur af innlendum eignum | | 4.488.695 | 6.836.809 |
| Vaxtatekjur af erlendum eignum | | 9.130.552 | 8.351.686 |
| | 1 | 13.619.246 | 15.188.495 |
| **Vaxtagjöld** | | | |
| Vaxtagjöld af innlendum skuldum | | (27.576.697) | (26.930.669) |
| Vaxtagjöld af erlendum skuldum | | (200.038) | (364.737) |
| | 2 | (27.776.735) | (27.295.406) |
| Hrein vaxtagjöld | | (14.157.488) | (12.106.911) |
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Þjónustutekjur | 3 | 1.257.360 | 1.274.332 |
| Þjónustugjöld | 4 | (1.395.697) | (902.841) |
| Seðlar úr umferð | | 233 | 180 |
| Tekjur af hlutafjáreign | 5 | 46.094 | 54.083 |
| Verðbreytingar innlendra eigna | 6 | (552.480) | 46.677.691 |
| Verðbreytingar erlenda eigna | 6 | (5.353.335) | (2.896.298) |
| Verðendurmat gulleignar | 7 | 1.088.994 | 861.025 |
| Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum | 8 | 14.001.731 | 28.389.483 |
| Bakfærð virðisrýrnun krafna | 13 | 0 | 4.212.827 |
| | | 9.092.898 | 77.670.481 |
| Afkoma fyrir rekstrargjöld | | (5.064.590) | 65.563.571 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 9 | (2.780.915) | (2.868.652) |
| Annar rekstrarkostnaður | 10 | (870.586) | (1.161.519) |
| Kostnaður af seðlum og mynt | 12 | (309.034) | (148.548) |
| Afskriftir fastafjármuna | 27 | (166.519) | (159.261) |
| | | (4.127.055) | (4.337.980) |
| Áhrif félaga utan samstæðu | 29 | 1.930.670 | 0 |
| Rekstrar(tap) hagnaður fyrir skatta og gengismun | | (7.260.975) | 61.225.590 |
| Tekjuskattur | 15 | (61.606) | (7.176.844) |
| (Tap) hagnaður án gengismunar | | (7.322.581) | 54.048.746 |
| Gengismunur | 14 | (15.931.345) | (88.745.168) |
| Tap ársins | | (23.253.926) | (34.696.422) |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| Eignir | *Skýringar* | *2017* | *2016* |
|---|---|---|---|
| Gulleign | 17 | 8.731.798 | 8.309.617 |
| Erlendar eignir | 18-21 | 668.331.558 | 797.711.719 |
| Gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn | 22 | 10.389.136 | 10.596.223 |
| Innlendar fjáreignir | 23-26 | 61.885.567 | 51.446.827 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 27 | 6.192.902 | 4.793.857 |
| Aðrar eignir | 29 | 8.250.889 | 3.212.506 |
| Eignir | | 763.781.851 | 876.070.748 |



| Eigið fé og skuldir | | | |
|---|---|---|---|
| Stofnfé | | 86.911.446 | 85.634.079 |
| Óinnkallað stofnfé | 38 | (55.410.446) | (54.133.079) |
| Endurmat fasteigna og lausafjármuna | | 5.589.826 | 4.250.168 |
| Þýðingarmunur | | (8.359) | (8.359) |
| Bundnar hlutdeildartekjur | 39 | 8.097.639 | 34.770.780 |
| Annað eigið fé (neikvætt) | | (22.978.007) | (26.446.217) |
| Eigið fé | 40 | 22.202.098 | 44.067.372 |
| | | | |
| Seðlar og mynt | 31 | 68.007.394 | 62.327.943 |
| Erlendar skuldir | 32 | 23.046.769 | 24.539.750 |
| Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn | 22 | 16.698.397 | 17.030.072 |
| Innstæður fjármálastofnana | 33 | 102.388.236 | 71.157.714 |
| Aðrar innstæður | 34 | 226.790.418 | 307.826.302 |
| Innlendar fjárskuldir | 35 | 303.821.539 | 340.036.916 |
| Lífeyrisskuldbinding | 36 | 210.733 | 241.090 |
| Aðrar skuldir | 37 | 616.266 | 8.843.589 |
| Skuldir | | 741.579.753 | 832.003.376 |
| | | | |
| Eigið fé og skuldir | | 763.781.851 | 876.070.748 |



Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Yfirlit um sjóðstreymi 2017

| Rekstrarhreyfingar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Innheimtar vaxtatekjur | 11.381.562 | 25.451.857 |
| Greidd vaxtagjöld | (27.604.335) | (27.639.596) |
| | (16.222.773) | (2.187.739) |
| Innheimtar þjónustutekjur | 1.066.420 | 871.077 |
| Greidd þjónustugjöld | (1.346.747) | (586.452) |
| Innborgaður arður af hlutafjáreign | 46.094 | 54.083 |
| | (16.457.007) | (1.849.032) |
| Greidd rekstrargjöld | (3.713.018) | (4.029.370) |
| Handbært fé til rekstrar án skatta | (20.170.025) | (5.878.402) |
| Greiddur tekjuskattur | (25.027) | (815.592) |
| Handbært fé til rekstrar | (20.195.052) | (6.693.994) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | (232.017) | (191.946) |
| Arðgreiðsla félaga utan samstæðu | 28.700.000 | 0 |
| Fullnustueignir, sala að frádregnum viðbótum | 0 | 5.517.104 |
| Seldir eignarhlutir | 0 | 126.683 |
| Keypt ríkisbréf | (51.875.561) | (22.647.596) |
| Innheimtar almennar kröfur | 0 | 66.421.568 |
| Seld verðbréf | 0 | 61.722.770 |
| Afborganir af verðbréfum o.fl. | 48.451.135 | 122.531.809 |
| Keypt gull | 0 | (42.900) |
| Keypt verðbréf í gjaldeyrisforða | (135.427.621) | (545.835.931) |
| Seld verðbréf í gjaldeyrisforða | 231.453.345 | 269.232.370 |
| Fjármagnstekjuskattur dótturfélaga | 0 | (434.913) |
| Sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn | 0 | (9.082.306) |
| | 121.069.281 | (52.683.287) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Seðlar og mynt | 5.679.451 | 6.656.806 |
| Innstæðubréf | (35.736.879) | 72.202.706 |
| Bundin innlán | (1.010.000) | 48.270.000 |
| Gjaldeyrisinnstæður | (94.120.268) | (90.752.650) |
| Innstæður innlánsstofnana | 34.915.997 | (3.491.069) |
| Innstæður annarra aðila | (4.553.017) | 27.418.448 |
| Innstæður ríkissjóðs | 9.505.746 | (22.134.304) |
| Innstæður félaga utan samstæðu | (30.272.248) | 0 |
| Skiptasamningar | (105.142) | (109.874) |
| | (115.696.360) | 38.060.063 |
| **Breyting á handbæru fé** | | |
| Lækkun á erlendum bankainnstæðum | (14.822.130) | (21.289.493) |
| Gengismunur erlendra bankainnstæðna | (309.172) | 3.343.797 |
| Erlendar bankainnstæður í ársbyrjun | 111.863.281 | 129.808.977 |
| Erlendar bankainnstæður í árslok | 96.731.979 | 111.863.281 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Yfirlit um breytingar á eigin fé 2017

| | Stofnfé | Óinnkallað stofnfé | Endurmat fasteigna | Þýðingar-munur | Bundnar hlutdeildar-tekjur | Annað eigið fé (neikvætt) | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2016 | 83.501.000 | (52.000.000) | 4.299.112 | (12.572) | 0 | 42.972.042 | 78.759.582 |
| Verðbætur á óinnkallað stofnfé | 2.133.079 | (2.133.079) | | | | | 0 |
| Tap ársins 2016 | | | | | 34.770.780 | (69.467.203) | (34.696.423) |
| Þýðingarmunur | | | | 4.213 | | | 4.213 |
| Afskrift endurmetinna eigna 2016 | | | (48.944) | | | 48.944 | 0 |
| Eigið fé 31. desember 2016 | 85.634.079 | (54.133.079) | 4.250.168 | (8.359) | 34.770.780 | (26.446.217) | 44.067.372 |
| Eigið fé 1. janúar 2017 | 85.634.079 | (54.133.079) | 4.250.168 | (8.359) | 34.770.780 | (26.446.217) | 44.067.372 |
| Verðbætur á óinnkallað stofnfé | 1.277.367 | (1.277.367) | | | | | 0 |
| Greiddur bundinn arður | | | | | (28.795.301) | 28.795.301 | 0 |
| Tap ársins 2017 | | | | | 2.122.159 | (25.376.085) | (23.253.926) |
| Endurmat fasteigna | | | 1.388.652 | | | | 1.388.652 |
| Afskrift endurmetinna eigna 2017 | | | (48.994) | | | 48.994 | 0 |
| Eigið fé 31. desember 2017 | 86.911.446 | (55.410.446) | 5.589.826 | (8.359) | 8.097.639 | (22.978.007) | 22.202.098 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskilanna**

- Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, nr. 3/2006, ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.

**Mat og ákvarðanir**

- Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, veita upplýsingar í skýringum um tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.
- Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað á.

**Samstæða**

- Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga Seðlabanka Íslands og félaga í eigu bankans („dótturfélög" skv. reikningsskilareglum).

  Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

**Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum**

- Dóttur- og hlutdeildarfélög eru félög þar sem Seðlabankinn fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar bankinn hefur vald til ákvarðanatöku um fjármál og rekstur félagsins. Eignarhlutar í þeim eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakrar fjárfestingar. Tap félaganna umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félögin gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

**Þýðingarmunur**

- Þýðingarmunur samanstendur af gengismun sem verður til vegna umreiknings reikningsskila erlendra hlutdeildarfélaga.

**Skráning tekna og gjalda**

- Tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið hvort sem innheimta hefur farið fram eða ekki. Hið sama á við um gjöld, þau eru færð þegar til þeirra er stofnað hvort sem þau voru greidd eða ekki. Í rekstrarreikning færast enn fremur matsbreytingar af verðbréfum hvort sem þær eru innleystar eða óinnleystar.

**Seðlar og mynt**

- Kostnaður af útgáfu seðla og myntar er færður til gjalda þegar hann fellur til.
- Seðlar og mynt í umferð eru skráð á nafnvirði.

Erlendir gjaldmiðlar

- Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við miðgengi í árslok 2017. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

| | *Meðalgengi ársins* | | *Gengi í lok árs* | |
|---|---|---|---|---|
| | *2017* | *2016* | *2017* | *2016* |
| Evra (EUR) | 120,54 | 133,59 | 125,05 | 119,13 |
| Bandaríkjadalur (USD) | 106,78 | 120,67 | 104,42 | 112,82 |
| Sterlingspund (GBP) | 137,45 | 163,80 | 140,98 | 138,91 |
| Kanadadalur (CAD) | 82,36 | 91,08 | 83,32 | 83,72 |
| Dönsk króna (DKK) | 16,20 | 17,94 | 16,80 | 16,02 |
| Norsk króna (NOK) | 12,93 | 14,37 | 12,73 | 13,11 |
| Sænsk króna (SEK) | 12,52 | 14,13 | 12,71 | 12,43 |
| Svissneskur franki (CHF) | 108,43 | 122,50 | 107,07 | 110,81 |
| Japanskt jen (JPY) | 0,95 | 1,11 | 0,93 | 0,97 |
| Pólskt zlot (PLN) | 28,30 | 30,62 | 29,97 | 26,92 |
| Kínverskt júan (CNY) | 15,80 | 18,18 | 16,05 | 16,25 |





Verðtryggðar eignir og skuldir

- Verðtryggðar eignir og skuldir eru skráðar með áföllnum verðbótum í árslok 2017 og miðað er við viðeigandi vísitölugildi í janúar 2018 sem endurspeglar verðlag í lok ársins 2017. Verðbætur eru færðar í rekstrarreikning með vöxtum.

Verðbréf

- Verðbréf í gjaldeyrisforða bankans eru skráð á markaðsverði og matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Skattamál

- Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.
- Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.
- Skattur sem frestað er stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.
- Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eignunum muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignanna með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annaðhvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra

rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

- Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði/endurmatsverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

- Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Gulleign

- Gull í gjaldeyrisforða bankans er skráð á markaðsverði í Bandaríkjadölum og matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Skuldbindingar

- Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

# Skýringar með samstæðureikningi 2017

## Vaxtatekjur

1. Vaxtatekjur greinast þannig (þús.kr.):

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| *Vaxtatekjur af innlendum eignum:* | | |
| Vaxtatekjur af daglánum | 8.032 | 2.707 |
| Vaxtatekjur af markaðsbréfum | 3.882.477 | 1.395.279 |
| Vaxtatekjur af verðtryggðum verðbréfum | 0 | 1.016.769 |
| Vaxtatekjur af öðrum innlendum eignum | 598.185 | 4.422.054 |
| | 4.488.695 | 6.836.809 |
| *Vaxtatekjur af erlendum eignum:* | | |
| Vaxtatekjur af gulli | 0 | 18.262 |
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 479.630 | 214.920 |
| Vaxtatekjur af verðbréfum | 8.197.881 | 7.798.714 |
| Vaxtatekjur af öðrum erlendum eignum | 453.040 | 319.789 |
| | 9.130.552 | 8.351.686 |

- Vaxtatekjur af innlendum eignum lækkuðu um 2,3 ma.kr. frá árinu 2016 eða um 34%. Helstu ástæður eru uppgreiðslur lána.
- Veitt voru 13 daglán á árinu 2017 samtals að fjárhæð 18,6 ma.kr. samanborið við 19 daglán 2016 samtals að fjárhæð 10,7 ma.kr.
- Vaxtatekjur af markaðsbréfum hækkuðu um 2,5 ma.kr. milli ára. Þessi hækkun er tilkomin vegna bréfa sem bankanum áskotnuðust vegna aðgerða við losun hafta.
- Vaxtatekjur af verðtryggðum verðbréfum og öðrum innlendum eignum lækkuðu verulega milli ára og er lækkunin tilkomin vegna sölu eigna hjá félögum í eigu bankans.
- Vaxtatekjur af gulli á árinu 2017 voru engar en bankinn hefur ekki lánað gull frá því í júní 2016.
- Vaxtatekjur af erlendum bankareikningum hækkuðu um 264,7 m.kr. milli ára.
- Vaxtatekjur af erlendum verðbréfum hækkuðu um 399,2 m.kr. á milli ára.

## Vaxtagjöld

2. Vaxtagjöld greinast þannig (þús.kr.):

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| *Vaxtagjöld af innlendum skuldum:* | | |
| Vaxtagjöld af innstæðubréfum | 224.355 | 128.337 |
| Vaxtagjöld af bundnum innlánum | 16.807.194 | 15.502.190 |
| Vaxtagjöld af viðskiptareikningum | 7.168.385 | 5.328.878 |
| Vaxtagjöld af viðskiptareikningum ríkissjóðs | 2.765.448 | 4.747.136 |
| Vaxtagjöld af gjaldeyrisreikningum | 159.325 | 483.998 |
| Vaxtagjöld af öðrum innlendum skuldum | 451.989 | 740.129 |
| | 27.576.697 | 26.930.669 |
| *Vaxtagjöld af erlendum skuldum:* | | |
| Vaxtagjöld af stöðu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn | 86.678 | 14.952 |
| Vaxtagjöld af erlendum bankareikningum | 107.574 | 339.069 |
| Vaxtagjöld af erlendum lánum | 5.786 | 10.716 |
| | 200.038 | 364.737 |

- Vaxtagjöld af innlendum skuldum breyttust lítillega milli ára, hækkuðu um 2,4%.
- Útgáfa innstæðubréfa hófst aftur á árinu 2016 og er tengd aðgerðum við losun hafta.
- Vaxtagjöld af bundnum innlánum námu um 16,8 ma.kr. á árinu 2017 samanborið við 15,5 ma.kr. á árinu 2016. Boðin eru tvenns konar bundin innlán, annars vegar bundin innlán til viku í senn sem bera fasta vexti og hins vegar bundin innlán til mánaðar í senn.
- Vaxtagjöld af viðskiptareikningum hækkuðu um 1,8 ma.kr. eða um 34,5%. Viðskiptavextir Seðlabanka Íslands voru 4,75% í upphafi árs 2017 en í lok árs 2017 voru vextir 4,00%.
- Vaxtagjöld af viðskiptareikningum ríkissjóðs lækkuðu um 41,7% milli ára.
- Vaxtagjöld af erlendum bankareikningum eru tilkomin vegna neikvæðra vaxta á innstæðum.
- Vaxtagjöld af erlendum skuldum lækkuðu um 45,2% milli ára.

## Þjónustutekjur

3. Þjónustutekjur greinast þannig (þús.kr.):

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Tekjur af greiðslumiðlun | 1.095.210 | 1.065.359 |
| Tekjur vegna markaðsviðskipta | 128.470 | 130.233 |
| Aðrar þjónustutekjur | 33.680 | 78.740 |
| | 1.257.360 | 1.274.332 |

- Tekjur af greiðslumiðlun eru tekjur sem koma frá Greiðsluveitunni ehf. sem er í eigu bankans.

## Þjónustugjöld

4. Þjónustugjöld greinast þannig (þús.kr.):

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Gjöld af greiðslumiðlun | 509.685 | 578.250 |
| Gjöld vegna gjaldeyrisútboða | 793.326 | 121.323 |
| Gjöld af lántöku | 47.993 | 31.914 |
| Gjöld vegna verðbréfaviðskipta | 44.693 | 54.175 |
| Önnur þjónustugjöld | 0 | 117.179 |
| | 1.395.697 | 902.841 |

- Þjónustugjöld hækkuðu um 55% milli ára. Hækkunin er að mestu tilkomin vegna gjaldeyrisútboða tengdra aflandskrónuútboði bankans.





## Tekjur af hlutafjáreign

5. Tekjur af hlutafjáreign greinast þannig (þús.kr.):

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Arðstekjur frá Alþjóðagreiðslubankanum | 46.094 | 39.644 |
| Aðrar arðstekjur | 0 | 14.439 |
| | 46.094 | 54.083 |

- Aðrar arðstekjur koma frá hlutafjáreign félaga í eigu bankans.

## Endurmat eigna

6. Endurmat eigna greinist þannig (þús.kr.):

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| *Gangvirðisbreytingar* | | |
| Innlend verðbréf | (778.731) | 46.178.627 |
| Innlendar afleiður | 226.251 | (904.780) |
| Erlend verðbréf | (5.198.352) | (3.714.244) |
| Erlendir verðbréfasjóðir | 72.080 | (56.122) |
| Erlendar afleiður | (227.062) | 874.068 |
| *Verðbreytingar* | | |
| Fullnustueignir | 0 | 1.403.844 |
| | (5.905.814) | 43.781.392 |

- Á árinu 2016 fór fram uppgjör föllnu fjármálafyrirtækjanna við ESÍ sem skilaði hárri tekjufærslu vegna endurmats innlendra skuldabréfa og krafna.

| *Nafnverð erlendra verðbréfa og sjóða eftir gjaldmiðlum:* | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| EUR | 1.594.000.000 | 1.954.000.000 |
| GBP | 545.000.000 | 525.000.012 |
| USD | 2.555.100.000 | 3.093.000.000 |
| CNY | 61.555 | 61.555 |

## Verðendurmat gulleignar

7. Verðhækkun gullforða bankans, miðað við fastgengi, nam 1.089 m.kr. 2017 en 2016 varð rúmlega 861 m.kr. verðhækkun. Markaðsverð gulls var 1.302,8 Bandaríkjadalir á hverja únsu í árslok 2017 en 1.147,5 á únsu í upphafi árs sem nemur um 13,5% hækkun milli ára.

## Gengishagnaður (tap) af gjaldeyrisviðskiptum

8. Gengishagnaður (tap) af gjaldeyrisviðskiptum greinist þannig (þús. kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Gengishagnaður vegna aflandskrónuútboðs | 14.386.427 | 29.187.804 |
| Gengistap gjaldeyrisviðskipta | (384.696) | (798.321) |
| | 14.001.731 | 28.389.483 |





- Gengishagnaður varð af gjaldeyrisviðskiptum vegna aflandskrónuútboðs á árinu 2017 sem nam alls 14,4 ma.kr. samanborið við 29,2 ma.kr. hagnað frá fyrra ári.
- Gengishagnaður (tap) af þeim gjaldeyrisviðskiptum, þar sem bankinn selur eða kaupir erlendan gjaldeyri, bókfærðist sem tekjur eða gjöld í rekstri.

## Laun og launatengd gjöld

9. Laun og launatengd gjöld greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Laun | 2.248.537 | 2.295.616 |
| Lífeyrissjóður | 319.535 | 316.182 |
| Launatengd gjöld | 202.425 | 233.360 |
| Framlag til lífeyrisskuldbindinga | 10.418 | 23.494 |
| | 2.780.915 | 2.868.652 |
| Fjöldi ársverka | 189 | 197 |

- Á árinu 2017 námu heildarlaun til bankastjóra og bankaráðs 60,6 m.kr. Bankastjóri fær ekki greidda þóknun fyrir setu í stjórnum og nefndum sem stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaði standa sameiginlega að eða Seðlabanki Íslands tilnefnir fulltrúa í samkvæmt lögum. Heildargreiðslur til bankastjóra og bankaráðs á árinu 2017 greinast þannig í m.kr.:

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| *Bankastjóri* | | |
| Már Guðmundsson | 25,0 | 24,4 |
| *Aðstoðarbankastjóri* | | |
| Arnór Sighvatsson | 22,6 | 22,1 |
| *Bankaráð* | | |
| Þórunn Guðmundsdóttir, formaður | 2,8 | 2,8 |
| Sveinn Agnarsson, varaformaður | 1,4 | 0,0 |
| Jón Helgi Egilsson, varaformaður | 0,7 | 2,1 |
| Aðrir bankaráðsmenn og varamenn | 8,0 | 8,1 |
| | 60,6 | 59,5 |

## Annar rekstrarkostnaður

10. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig (þús.kr.):

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Aðkeypt þjónusta | 461.775 | 712.607 |
| Rekstur eigna og lausafjármuna | 221.436 | 256.497 |
| Ýmsir rekstrarliðir | 187.375 | 192.415 |
| | 870.586 | 1.161.519 |

## Þóknun til endurskoðenda

11. Þóknun til endurskoðenda greinist þannig (þús.kr.):

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Endurskoðun á ársreikningi og samstæðu | | |
| Deloitte ehf. | 26.746 | 36.620 |
| Ráðgjöf og önnur þjónusta | | |
| Önnur endurskoðendafyrirtæki | 4.961 | 32.527 |
| | 31.708 | 69.147 |





## Kostnaður af seðlum og mynt

12. Kostnaður af seðlum og mynt greinist þannig (þús.kr.):

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Seðlaprentun | 308.096 | 0 |
| Myntslátta | 0 | 146.988 |
| Búnaður | 938 | 1.559 |
| | 309.034 | 148.548 |

- Á árinu var seðlaprentun á 10.000 og 1.000 króna seðlum sem Seðlabanki Íslands hefur í umferð.

## Bakfærð virðisrýrnun krafna

13. Bakfærð virðisrýrnun krafna á árinu 2016 er tilkomin vegna betri endurheimtu af kröfum ESÍ á gjaldþrota fjármálafyrirtæki.

## Gengismunur

14. Gengismunur greinist þannig (þús.kr.):

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Gull | (666.813) | (1.382.685) |
| Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn | (212.992) | (1.845.952) |
| Erlendar bankainnstæður | 565.751 | (24.187.756) |
| Erlend verðbréf og sjóðir | (12.720.240) | (96.157.327) |
| Erlendar skammtímaskuldir | (60.946) | 450.632 |
| Erlend lán, gjaldeyrisreikningar | (2.985.234) | 37.650.134 |
| Afleiður | 149.027 | (2.720.407) |
| Annað | 102 | (551.808) |
| | (15.931.345) | (88.745.168) |

Breyting helstu gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni var þannig (%):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| USD | -7,45 | -12,94 |
| EUR | 4,97 | -15,70 |
| GBP | 1,49 | -27,67 |
| NOK | -2,91 | -11,11 |
| DKK | 4,82 | -15,39 |
| SEK | 2,25 | -19,25 |
| JPY | -3,91 | -10,29 |
| CHF | -3,38 | -15,09 |
| CAD | -0,48 | -10,24 |
| XDR | -2,03 | -15,53 |
| CNY | -1,24 | -18,59 |

Heildareignir og -skuldir í erlendum gjaldmiðli 2017




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Heildareignir og -skuldir í erlendum gjaldmiðli 2016




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.





## Tekjuskattur

15. Seðlabanki Íslands er undanþeginn tekjuskatti skv. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Gjaldfærður tekjuskattur í ársreikningi er vegna félaga í eigu bankans og greinist hann þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. | 0 | (7.074.040) |
| Greiðsluveitan ehf. | (61.606) | (23.829) |
| Hilda ehf. | 0 | (78.975) |
| | (61.606) | (7.176.844) |

- Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2017 nemur 67,4 m.kr.

| *Virkur tekjuskattur greinist þannig (þús.kr.):* | *2017* | | *2016* | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjárhæð* | *%* | *Fjárhæð* | *%* |
| Hagnaður félaga í eigu bankans | 308.013 | | 41.947.624 | |
| Skatthlutfall | (61.603) | -20,0 | (8.389.525) | -20,0 |
| Ófrádráttarbær kostnaður | (3) | 0,0 | 1.627 | 0,0 |
| Hlutdeild í afkomu félaga í eigu bankans sem ekki færa tekjuskattsinneign | 0 | 0,0 | 151.356 | 0,36 |
| Fenginn arður til frádráttar | 0 | 0,0 | 1.658 | 0,0 |
| Tekjuskattsáhrif söluhagnaðar/(taps) hlutabréfa | 0 | 0,0 | (5.953) | -0,01 |
| Breyting á niðurfærslu tekjuskatts | 0 | 0,0 | 1.063.993 | 2,54 |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | (61.606) | -20,0 | (7.176.844) | -17,1 |

## Ráðstöfun til ríkissjóðs

16. Með lögum nr. 122/2014, um breytingu á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, voru gerðar veigamiklar breytingar á reglum um ráðstöfun hagnaðar. Frá og með 1. janúar 2014 skal Seðlabanki Íslands halda sérstakan reikning meðal eiginfjárliða og skal hann nefndur „Varasjóður“.

- Meginmarkmiðið með því að halda varasjóð er að tryggja að aðeins sá hagnaður sem hefur verið innleystur myndi grundvöll til ráðstöfunar til ríkissjóðs eða til eflingar á eigin fé bankans. Þannig getur Seðlabankinn fært óinnleystan hagnað í varasjóð. Óinnleyst tap, umfram þegar skráðan óinnleystan hagnað, færist til lækkunar á hagnaði sem er til ráðstöfunar. Þessi framsetning er hluti af varfærnum reikningsskilum seðlabanka og miðar að því að hagnaði sé ráðstafað þegar hann myndast.
- Verðendurmat skal samanstanda af uppfærðu markaðsverði og gengisbreytingum gjaldmiðla, og skal það ná til fjárhagslegra eigna og skulda, afleiðna og gulls. Fjármálagerningar í innlendum og erlendum gjaldmiðlum skulu verðmetnir hver fyrir sig.
- Bæði innleystur og óinnleystur hagnaður er færður í gegnum rekstrarreikning. Framlög í varasjóð samanstanda af mismun á kostnaðarverði og skráðu markaðsverði. Við breytingarnar sem tóku gildi á árinu 2014 skal kostnaðarverð endurspegla markaðsverð 31. desember 2013.

Rekstrarniðurstaða greinist þannig (þús.kr.):

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Hrein vaxtagjöld | (14.157.488) | (12.106.911) |
| Verðendurmat, innleyst og óinnleyst | (4.816.821) | 48.855.244 |
| Gengismunur, innleystur og óinnleystur | (1.929.615) | (60.355.686) |
| Tekjur af hlutafjáreignum | 46.094 | 54.083 |
| Aðrar tekjur | 3.188.029 | 1.274.332 |
| Rekstrargjöld | (5.522.519) | (5.240.641) |
| Tekjuskattur | (61.606) | (7.176.844) |
| Tap ársins | (23.253.926) | (34.696.422) |

Varasjóður greinist þannig (þús.kr.):

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 0 | 0 |
| Verðendurmat erlendra verðbréfa | (4.678.209) | (3.500.976) |
| Verðendurmat innlendra verðbréfa | (515.341) | 496.909 |
| Gengismunur | (5.761.725) | (77.016.983) |
| Verðendurmat gulls | 1.088.994 | 861.025 |
| Fært á óráðstafað eigið fé | 9.866.281 | 79.160.025 |
| Staða í lok árs | 0 | 0 |

- Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands skal bankinn búa yfir fjárhagslegum styrk. Til þess að tryggja þetta markmið er hagnaði bankans ráðstafað til ríkissjóðs svo fremi sem honum er ekki ráðstafað til að efla eigið fé bankans. Tap ársins samkvæmt ársreikningi er 23,3 ma.kr. Ekki er breyting á varasjóði vegna þess að óinnleystir liðir eru neikvæðir og þar af leiðandi færðir í óráðstafað eigið fé. Ekki er framlag til ríkissjóðs fyrir árið 2017.

## Gulleign

17. Gulleign bankans var 64.186,28 únsur í árslok 2017. Gulleign er færð á gangvirði í árslok 2017 en únsan var þá metin á 1.302,8 Bandaríkjadali sem samsvarar 136.038 kr. Gulleignin þannig metin nam 8,7 ma.kr. í árslok 2017.

Þróun gulleignar




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Breyting gulleignar greinist þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 8.309.617 | 8.790.287 |
| Kaup á árinu | 0 | 42.900 |
| Verðendurmat | 1.088.994 | 861.025 |
| Gengismunur | (666.813) | (1.382.685) |
| Breyting áfallinna vaxta | 0 | (1.909) |
| Staða í lok árs | 8.731.798 | 8.309.617 |

## Erlendar eignir

18. Erlendar eignir greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Erlendar bankainnstæður | 96.731.979 | 111.863.281 |
| Erlend verðbréf | 552.121.469 | 665.982.011 |
| Erlendir verðbréfasjóðir | 1.114.998 | 1.126.693 |
| Sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn | 16.673.764 | 16.963.159 |
| Erlendar afleiður | 833.022 | 937.766 |
| Erlendar eignir utan forða | 856.326 | 838.808 |
| | 668.331.558 | 797.711.719 |

- Erlendar afleiður eru nú metnar á gangvirði í kjölfar breytinga á ársreikningalögum frá júní 2016.

19. Erlendar bankainnstæður greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Innstæður í erlendum seðlabönkum | 50.723.863 | 109.881.196 |
| Innstæður í Alþjóðagreiðslubankanum | 44.900.616 | 366 |
| Innstæður í öðrum erlendum bönkum | 1.107.500 | 1.981.719 |
| | 96.731.979 | 111.863.281 |
| Innstæður, lausar til útgreiðslu | 51.780.492 | 111.863.281 |
| Bundnar innstæður, lausar innan 3 mánaða | 44.951.487 | 0 |
| | 96.731.979 | 111.863.281 |

20. Breytingar á erlendum verðbréfum og sjóðum á árinu greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 667.108.704 | 490.663.410 |
| Kaup á árinu | 135.427.621 | 545.835.931 |
| Sala og innheimtur á árinu | (231.453.345) | (269.462.944) |
| Verðendurmat | (5.126.272) | (3.770.366) |
| Gengismunur | (12.720.240) | (96.157.327) |
| Staða í lok árs | 553.236.467 | 667.108.704 |

21. Erlendar eignir utan forða:

Erlendar eignir utan gjaldeyrisforða greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Eignarhlutar í Alþjóðagreiðslubankanum | 184.486 | 184.486 |
| Aðrar eignir utan gjaldeyrisforða | 671.840 | 654.322 |
| | 856.326 | 838.808 |

## Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS)

22. Úthlutaður kvóti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn nam 321,8 m. SDR í árslok 2017. Í febrúar 2016 tók gildi kvótaaukning hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Kvótaaukningin var greidd að 1/4 með gjaldeyri og að öðru leyti með krónum. Gjaldeyrisstaða bankans við sjóðinn nam 69,8 m. SDR í árslok sem er mismunurinn á kvótanum og krónuinneign sjóðsins hjá bankanum, sbr. neðangreinda töflu. Úthlutuð SDR námu 112,2 m. SDR.

| *Eignir:* | *SDR (þús.)* | *ISK (þús.kr.)* |
|---|---|---|
| Kvóti Seðlabanka Íslands | 321.800 | 47.842.006 |
| Inneign hjá Seðlabanka Íslands | (251.919) | (37.452.870) |
| Gjaldeyrisstaða Seðlabankans hjá AGS | 69.881 | 10.389.136 |
| Innstæða Seðlabankans hjá AGS | 112.153 | 16.673.764 |
| | 182.033 | 27.062.900 |
| *Skuldir:* | | |
| Mótvirði úthlutaðra SDR | 112.319 | 16.698.397 |
| Viðskiptareikningur AGS hjá Seðlabanka Íslands | 7 | 1.009 |
| | 112.325 | 16.699.405 |

## Innlendar fjáreignir

23. Mótaðilar innlendra fjáreigna greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Fjármálastofnanir | 84.379 | 4.664.896 |
| Ríkissjóður | 55.515.527 | 40.815.449 |
| Aðrir aðilar | 6.285.661 | 5.966.481 |
| | 61.885.567 | 51.446.827 |



24. Innlendar fjáreignir við fjármálastofnanir greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Afleiður | 0 | 77.745 |
| Innstæður | 6.495 | 4.207.489 |
| Útlán | 77.884 | 379.661 |
| | 84.379 | 4.664.896 |

25. Innlendar fjáreignir við ríkissjóð greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Skuldabréf | 0 | 28.754.996 |
| Ríkisbréf | 55.515.527 | 12.060.453 |
| | 55.515.527 | 40.815.449 |

- Ríkissjóður hefur hvenær sem er heimild til þess að greiða aukaafborganir eða alla skuldina án sérstaks uppgreiðslugjalds. Ríkissjóður greiddi upp skuldabréfið í maí 2017.

Breytingar á skuldabréfi ríkissjóðs greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* | *2015* | *2014* | *2013* |
|---|---|---|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 28.754.996 | 90.632.442 | 145.622.896 | 172.034.789 | 170.865.296 |
| Höfuðstólslækkun | | | | (26.000.000) | |
| Arðgreiðsla inn á höfuðstól | | | (1.905.815) | | |
| Verðbætur | | | | | 4.954.164 |
| Áfallnir vextir | (255.346) | (377.445) | (40.454) | (411.893) | 978.760 |
| Greiðsla | (28.499.651) | (61.500.000) | (53.044.185) | | (4.763.431) |
| Staða í lok árs | 0 | 28.754.996 | 90.632.442 | 145.622.896 | 172.034.789 |

- Hinn 30. desember 2014 var stofnfé bankans lækkað um 26 ma.kr. og var stofnfjárlækkuninni ráðstafað til lækkunar á höfuðstól skuldabréfsins við ríkissjóð samhliða breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Skilmálum skuldabréfsins var einnig breytt samkvæmt samkomulagi milli ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands sem tók gildi 1. janúar 2015.

26. Aðrir aðilar greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Húsbréf | 6.168.077 | 2.266.864 |
| Aðrir aðilar | 117.584 | 3.699.617 |
| | 6.285.661 | 5.966.481 |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

27. Fasteignir bankans voru á síðasta ári færðar til eignar á afskrifuðu matsverði en umrætt mat var gert miðað við árslok 2005. Vegna breytinga á ársreikningalögum sumarið 2016 þarf framvegis að endumeta fasteignir bankans árlega þar sem þær hafa áður verið endurmetnar. Í árslok 2017 var því framkvæmt nýtt endurmat á fasteignum bankans. Við endumat á einni fasteign bankans að Einholti 4 var stuðst við mat óháðs fasteignasala sem leiðir til þess að áður bókfært verð fer úr 339 m.kr. í 490 m.kr. Aðrar fasteignir bankans eru endurmetnar innanhúss í bankanum og við það mat er stuðst við skráð fasteignamat í árslok og nýja áætlun á fermetraverði með hliðsjón af gamla matinu frá árinu 2005. Það mat leiðir til þess að áður bókfært verð fer úr 3.642 m.kr. í 4.880 m.kr. Þar sem framkvæma á umrætt endurmat árlega í samræmi við ársreikningalög munu allar fasteignir bankans verða endurmetnar í samræmi við mat óháðs fasteignasala í árslok 2018. Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eignunum muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annaðhvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er

notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

- Varanlegir rekstrarfjármunir í árslok 2017 greinast þannig (þús.kr.):

| | *Land* | *Fasteignir* | *Lausafé* | *Söfn* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|
| *Kostnaðar- og matsverð* | | | | | |
| Kostnaðarverð í ársbyrjun 2016 | | 98.901 | 885.423 | 8.126 | 992.450 |
| Matsverð í ársbyrjun 2016 | 24.000 | 4.575.331 | 30.226 | 237.000 | 4.866.557 |
| Samtals í ársbyrjun 2016 | 24.000 | 4.674.232 | 915.649 | 245.126 | 5.859.007 |
| Eignfært á árinu | | | 141.197 | 1.561 | 142.758 |
| Selt og aflagt á árinu (kostnaðarverð) | | | (77.826) | | (77.826) |
| Selt (matsverð) | | | (1.303) | | (1.303) |
| Söluhagnaður | | | 317 | | 317 |
| Kostnaðarverð í ársbyrjun 2017 | 0 | 98.901 | 947.807 | 9.687 | 1.056.395 |
| Matsverð í ársbyrjun 2017 | 24.000 | 4.575.331 | 30.226 | 237.000 | 4.866.557 |
| Samtals í ársbyrjun 2017 | 24.000 | 4.674.232 | 978.033 | 246.687 | 5.922.952 |
| Sérstakt endurmat | | 1.388.652 | | | 1.388.652 |
| Eignfært á árinu | | | 177.099 | | 177.099 |
| Aflagt á árinu (kostnaðarverð) | | | (14.511) | | (14.511) |
| Kostnaðarverð í árslok 2017 | 0 | 98.901 | 1.110.395 | 9.687 | 1.218.983 |
| Matsverð í árslok 2017 | 24.000 | 5.963.983 | 30.226 | 237.000 | 6.255.209 |
| Samtals í árslok 2017 | 24.000 | 6.062.884 | 1.140.621 | 246.687 | 7.474.192 |
| *Afskriftir* | | | | | |
| Kostnaðarverð í ársbyrjun 2016 | | 8.825 | 471.391 | | 480.216 |
| Matsverð í ársbyrjun 2016 | | 537.219 | 30.226 | | 567.445 |
| Samtals í ársbyrjun 2016 | 0 | 546.044 | 501.617 | 0 | 1.047.661 |
| Afskrift ársins á kostnaðarverði | | 1.141 | 109.125 | | 110.267 |
| Afskrift ársins á matsverði | | 48.994 | | | 48.994 |
| Aflagt á árinu (kostnaðarverð) | | | (77.826) | | (77.826) |
| Kostnaðarverð í ársbyrjun 2017 | 0 | 9.966 | 502.690 | 0 | 512.656 |
| Matsverð í ársbyrjun 2017 | 0 | 586.213 | 30.226 | 0 | 616.439 |
| Samtals í ársbyrjun 2017 | 0 | 596.180 | 532.916 | 0 | 1.129.095 |
| Afskrift ársins á kostnaðarverði | | 1.141 | 116.570 | | 117.711 |
| Afskrift ársins á matsverði | | 48.994 | | | 48.994 |
| Aflagt á árinu (kostnaðarverð) | | | (14.511) | | (14.511) |
| Kostnaðarverð í árslok 2017 | | 11.108 | 604.749 | | 615.856 |
| Matsverð í árslok 2017 | | 635.208 | 30.226 | | 665.433 |
| Samtals í árslok 2017 | 0 | 646.315 | 634.974 | 0 | 1.281.290 |
| *Bókfært verð* | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun 2016 | 24.000 | 4.128.188 | 414.032 | 245.126 | 4.811.346 |
| Bókfært verð í ársbyrjun 2017 | 24.000 | 4.078.052 | 445.118 | 246.687 | 4.793.857 |
| Bókfært verð í árslok 2017 | 24.000 | 5.416.569 | 505.647 | 246.687 | 6.192.902 |
| Afskriftarhlutföll | 0% | 1-3% | 10-33% | 0% | |

- Fasteignamat varanlegra rekstrarfjármuna í lok árs nemur 4,9 ma.kr.

## Frestaður skattur

28. Frestaður skattur greinist þannig (þús.kr.):

| | *Inneign* | *Skuldbinding* | *Samtals* |
|---|---|---|---|
| Staða 1. janúar 2016 | 13.402 | (2.962) | 10.440 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2016 | (7.153.015) | (23.829) | (7.176.844) |
| Leiðréttur skattstofn vegna fyrra árs | (289) | | (289) |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2017 | 7.289.073 | 25.027 | 7.314.100 |
| Staða 31. desember 2016 | 149.171 | (1.764) | 147.407 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2017 | (61.606) | | (61.606) |
| ESÍ yfirfært úr samstæðu | (150.935) | 1.764 | (149.171) |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2018 | 67.426 | | 67.426 |
| Staða 31. desember 2017 | 4.056 | 0 | 4.056 |





Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding) greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 5.315 | 79.748 |
| Varúðarniðurfærsla krafna | (265) | 68.192 |
| Frestaður gengismunur | (995) | 20.098 |
| Niðurfærsla tekjuskattsinneignar vegna óvissu | 0 | (20.631) |
| | 4.056 | 147.407 |

## Aðrar eignir

29. Aðrar eignir greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Hlutabréf | 0 | 220.008 |
| Eignarhluti í dóttur- og hlutdeildarfélögum | 7.911.633 | 10.000 |
| Fullnustueignir og fasteignir til sölu | 0 | 1.164.916 |
| Tekjuskattsinneign | 4.056 | 149.171 |
| Afdreginn fjármagnstekjuskattur | 6.557 | 1.310.873 |
| Aðrar eignir | 328.644 | 357.538 |
| | 8.250.889 | 3.212.506 |

- Í október 2017 var samþykkt á hluthafafundi að slíta Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf. og í framhaldinu var félaginu skipuð skilanefnd. Fyrr á árinu höfðu félögin Hilda ehf. og SPB ehf. á sama hátt verið sett í slit. Af þeim sökum og því að á árinu höfðu félögin óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar vegna smæðar þeirra, er Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf. haldið utan samstæðu Seðlabanka Íslands og eignarhlutinn í staðinn tilfærður sem Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum undir öðrum eignum.

Hlutdeildarfélög metin samkvæmt hlutdeildaraðferð:

| | *Staðsetning* | *Eignarhluti* | *Meginstarfsemi* |
|---|---|---|---|
| Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ) | Ísland | 100% | Eignarhaldsfélag |

| *Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum greinast þannig (þús.kr.):* | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 10.000 | 139.176 |
| Selt og yfirtekið á árinu | 0 | (77.931) |
| ESÍ yfirfært úr samstæðu | 34.670.963 | 0 |
| Greiddur arður | (28.700.000) | 0 |
| Hlutdeild í afkomu | 1.930.670 | 0 |
| Virðisrýrnun | 0 | (51.245) |
| Staða í árslok | 7.911.633 | 10.000 |





## Samstæðan og félög í eigu bankans

30. Félög í eigu bankans

| *Félög innan samstæðu:* | *Staðsetning* | *Eignarhluti* | *Meginstarfsemi* |
|---|---|---|---|
| Greiðsluveitan ehf. | Ísland | 100% | Rekstur greiðslukerfa |
| *Félög utan samstæðu:* | | | |
| Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. | Ísland | 100% | Eignarhaldsfélag |
| *Félög í eigu ESÍ:* | | | |
| Hilda ehf. | Ísland | 100% | Eignarhaldsfélag |
| SPB ehf. | Ísland | 100% | Eignarhaldsfélag |

## Seðlar og mynt

31. Útgefnir seðlar og mynt greinast þannig (þús.kr.):

| *Seðlar:* | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| 10.000 krónur | 33.577.500 | 27.742.500 |
| 5.000 krónur | 22.788.500 | 23.868.500 |
| 2.000 krónur | 220.000 | 229.000 |
| 1.000 krónur | 6.084.500 | 5.535.500 |
| 500 krónur | 1.559.250 | 1.445.000 |
| | 64.229.750 | 58.820.500 |
| *Mynt:* | | |
| 100 krónur | 2.335.500 | 2.142.300 |
| 50 krónur | 638.090 | 592.740 |
| 10 krónur | 561.430 | 537.410 |
| 5 krónur | 125.169 | 120.454 |
| 1 króna | 117.455 | 114.539 |
| | 3.777.644 | 3.507.443 |
| Samtals útgefnir seðlar og mynt | 68.007.394 | 62.327.943 |

## Erlendar skuldir

32. Erlendar skuldir greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Aðrar skuldir | 987 | 578.595 |
| Innstæðubréf erlendra aðila | 23.045.783 | 23.961.155 |
| | 23.046.769 | 24.539.750 |

- Innstæðubréf erlendra aðila eru vegna aðgerða við losun hafta.

## Innstæður

33. Innstæður fjármálastofnana greinast þannig (þús.kr.):





| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningar innlánsstofnana | 79.678.344 | 44.762.347 |
| Viðskiptareikningar annarra fjármálastofnana | 22.171.462 | 25.225.716 |
| Gjaldeyrisreikningar | 538.430 | 1.169.651 |
| | 102.388.236 | 71.157.714 |

Þróun innlánsreikninga og gjaldeyrisreikninga




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

- Þátttakendur í stórgreiðslukerfi Seðlabankans geta verið með yfirdráttarheimild innan dags á stórgreiðslureikningi sínum. Yfirdráttarheimild skal tryggja að fullu með verðbréfum sem Seðlabankinn metur hæf hverju sinni.
- Í lok árs 2017 námu tryggingar í stórgreiðslukerfinu 16,5 ma.kr. að markaðsvirði.

34. Innstæður annarra aðila greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Ríkissjóður og ríkisstofnanir | 77.993.940 | 68.589.391 |
| Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs og ríkisstofnana | 81.646.137 | 185.370.999 |
| Erlendir aðilar með innlendar innstæður | 582.130 | 2.209.016 |
| Innlendar innstæður annarra aðila | 66.568.210 | 51.656.896 |
| | 226.790.418 | 307.826.302 |

- Innstæður annarra aðila lækkuðu um 26,3% hjá bankanum og námu 226,8 ma.kr. í árslok 2017 samanborið við 307,8 ma.kr. árið 2016. Þessa lækkun má að mestu leyti rekja til lækkunar á gjaldeyrisinnstæðum ríkissjóðs sem er tilkomin vegna lækkunar á erlendum skuldum.

## Innlendar fjárskuldir

35. Innlendar fjárskuldir greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Innstæðubréf | 13.525.945 | 48.451.235 |
| Bundin innlán | 289.462.573 | 290.546.782 |
| Afleiðusamningur við ríkissjóð | 833.022 | 1.038.899 |
| | 303.821.539 | 340.036.916 |

- Innstæðubréf eru tilkomin vegna aðgerða við losun hafta. Afleiðusamningar við ríkissjóð eru nú metnir á gangvirði í kjölfar breytinga á ársreikningalögum frá júní 2016.

## Lífeyrisskuldbindingar

36. Samkvæmt mati tryggingastærðfræðings námu skuldbindingar Seðlabanka Íslands vegna eftirlauna fyrrverandi bankastjóra, maka þeirra og forstjóra Þjóðhagsstofnunar, en bankinn bar helming af kostnaði vegna þeirra, samtals 210,7 m.kr. í árslok 2017. Greiðslur vegna þessara kjara námu alls 40,8 m.kr. á árinu 2017 og færast til lækkunar á áður færðri skuldbindingu. Hækkun skuldbindingar bankans, að teknu tilliti til greiðslna, nam 10,4 m.kr. á árinu 2017 og er hún gjaldfærð.

Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding í upphafi árs | 241.090 | 257.906 |
| Greitt vegna eftirlauna | (40.775) | (40.310) |
| Breyting ársins | 10.418 | 23.494 |
| Lífeyrisskuldbinding í lok árs | 210.733 | 241.090 |

## Aðrar skuldir

37. Aðrar skuldir greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding | 0 | 1.764 |
| Ógreiddir skattar | 67.426 | 7.314.100 |
| Aðrar skuldir | 548.840 | 1.527.725 |
| | 616.266 | 8.843.589 |

## Innkallanlegt eigið fé

38. Í upphafi árs 2015 gerðu Seðlabanki Íslands og ríkissjóður með sér samkomulag um innkallanlegt eigið fé Seðlabankans, með stoð í 3. mgr. 34. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, og var miðað við að breytingarnar hefðu áhrif frá og með 31. desember 2014. Með samkomulaginu skuldbindur ríkissjóður sig, á grundvelli heimildar í fjárlögum, til að leggja Seðlabankanum til 52 ma.kr. eigið fé í formi markaðshæfra eigna, ef bankinn kallar eftir því í þeim tilgangi að uppfylla lágmarkskröfur um innborgað eigið fé. Eftirstöðvar innkallanlegs eigin fjár færast upp við hver áramót með hækkun vísitölu neysluverðs.

## Bundinn hlutdeildarreikningur

39. Reikningur bundinna hlutdeildartekna kemur inn á meðal eiginfjárliða vegna breytinga á ársreikningalögum. Nemi hlutdeild sem færð er í rekstur hærri fjárhæð en nemur mótteknum arði á árinu skal mismunur færður á bundinn hlutdeildarreikning. Hagnaður félaga í eigu bankans nemur 2,1 ma.kr. fyrir árið 2017 og er færður að fullu á reikninginn. Tilgangur með að binda hlutdeildartekjur er sá að koma í veg fyrir að félög greiði út arð vegna óinnleystra hlutdeildartekna.



## Þróun á eiginfjárhlutfalli bankans

40. Á síðastliðnum fimm árum hefur eigið fé bankans breyst eins og eftirfarandi tafla sýnir (tölur í m.kr.):

| | *2017* | *2016* | *2015* | *2014* | *2013* |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé í árslok (án endurmats) | 16.612 | 39.817 | 74.460 | 70.679 | 85.409 |
| Endurmat eigna í árslok | 5.590 | 4.250 | 4.299 | 4.348 | 4.450 |
| Eigið fé í árslok | 22.202 | 44.067 | 78.760 | 75.027 | 89.859 |
| *Stöðutölur/hlutföll í lok árs* | | | | | |
| Heildareignir bankans | 763.782 | 876.071 | 916.977 | 953.589 | 1.002.200 |
| Eigið fé (án endurmats eigna) | 16.612 | 39.817 | 74.460 | 70.679 | 85.409 |
| Eiginfjárhlutfall bankans | 2,9% | 5,0% | 8,6% | 7,9% | 9,0% |

## Ríkissjóður

41. Vaxtatekjur og gjöld við ríkissjóð greinast þannig (þús.kr.):

| | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af skuldabréfi | 475.521 | 3.771.717 |
| Vaxtatekjur af ríkisbréfum | 3.268.010 | 1.287.833 |
| | 3.743.531 | 5.059.550 |
| Vaxtagjöld af viðskiptareikningum | 2.765.448 | 4.747.136 |
| Vaxtagjöld af gjaldeyrisreikningum | 159.325 | 481.164 |
| Vaxtagjöld af afleiðusamningum | 316.245 | 296.304 |
| | 3.241.017 | 5.524.604 |
| Hreinar vaxtatekjur / (vaxtagjöld) | 502.514 | (465.054) |

Hreinar vaxtaberandi eignir og skuldir greinast þannig (þús.kr.):

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Skuldabréf | 0 | 28.754.996 |
| Ríkisbréf | 55.515.527 | 12.060.453 |
| | 55.515.527 | 40.815.449 |
| | | |
| Ríkissjóður og ríkisstofnanir | 77.993.940 | 68.589.391 |
| Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs | 81.646.137 | 185.370.999 |
| Afleiðusamningur | 833.022 | 1.038.899 |
| | 160.473.099 | 254.999.289 |

## Eignir utan efnahags, ábyrgðarskuldbindingar og önnur mál

42. Seðlabanki Íslands er skuldbundinn til að greiða Alþjóðagreiðslubankanum áskrift að hlutafé verði eftir því kallað. Þegar hefur verið greiddur fjórðungur af áskrift en 75% hluti getur komið til greiðslu og nemur hann 785 m.kr.

- Seðlabanki Íslands hafði í árslok 2017 aðgang að lánafyrirgreiðslu hjá Alþjóðagreiðslubankanum, í formi endurhverfa verðbréfaviðskipta, að fjárhæð 400 m. Bandaríkjadala, sem svarar til 41,8 ma.kr. Bankinn nýtti sér ekki þessa fyrirgreiðslu á árinu 2017.

## Afleiðusamningar

43. Afleiður eru flokkaðar eftir því annars vegar hvort afleiðan er skráð í gjaldeyrisforða, þ.e. hún er gerð við erlendan aðila og er í erlendum gjaldeyri, eða hins vegar aðrar afleiður. Virði afleiðna er metið og fært á gangvirði.

- Framvirkir samningar um gjaldeyrisviðskipti (e. FX forward) eru skráðir miðað við framvirkan höfuðstól sem margfaldaður er með muninum á milli uppgjörsgengis og gengis á viðskiptadegi (stundargengi/samningsgengi). Munurinn á milli gengis á viðskiptadegi og samningsgengis er færður í gegnum rekstur.
- Framvirkir skiptasamningar um gjaldeyrisviðskipti (e. FX swap) eru bókaðir annars vegar sem stundarleggur og hins vegar sem framvirkur leggur. Stundarleggur er bókfærður eins og stundarviðskipti (e. FX spot) og framvirkur leggur er bókaður eins og framvirkir samningar.
- Hagnaður framvirkra og skiptasamninga um gjaldeyrisviðskipti bókfærist sem gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum.

## Áhættustýring

44. Seðlabanki Íslands er opinber stofnun sem hefur ákveðnu hlutverki að gegna samkvæmt ákvæðum laga sem einkum lúta að peningamálastjórnun með vaxtaákvörðunum sínum og ávöxtun gjaldeyrisvarasjóðs landsmanna. Áhætta í rekstri hans er því nokkuð af annarri gerð en í rekstri annarra fjármálastofnana þó að sömu heiti séu notuð. Fjárhagsleg áhætta Seðlabanka Íslands greinist í kröfu-, lausafjár- og markaðsáhættu. Kröfuáhætta er hætta á tapi

vegna þess að mótaðilar eða útgefendur eru ófærir um að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar á réttum tíma. Kröfuáhættu er skipt upp í útgefandaáhættu, mótaðilaáhættu og uppgjörsáhættu. Lausafjáráhætta er sú áhætta að Seðlabankinn verði ófær um að sinna verkefnum sínum og skyldum vegna þess að eignir eru ónógar, ekki er hægt að selja þær í tíma eða aðeins er hægt að selja þær með verulegum afslætti. Markaðsáhætta er skilgreind sem hætta á tapi eða skerðingu fjáreigna vegna breytinga á markaðsvirði eignanna. Markaðsáhætta skiptist í gjaldeyrisáhættu, vaxtaáhættu, vaxtaálagsáhættu og gullverðsáhættu. Að auki býr bankinn við rekstraráhættu en það er áhættan af því að mannleg mistök eigi sér stað eða innri verkferlar og kerfi bregðist. Rekstraráhættu er stjórnað af starfsmönnum bankans á daglegum grunni en kappkostað er að innleiða eftirlit og verkferla sem lágmarka áhættuna.

- Eignahlið samstæðureiknings Seðlabankans samanstendur mestmegnis af erlendum eignum, sem varðveittar eru í gjaldeyrisvarasjóði bankans, og innlendum fjáreignum útgefnum af ríkissjóði eða með ríkisábyrgð. Hér á eftir fylgir umsögn um fjárhagslega meginin áhættu Seðlabankans sem að stærstum hluta er vegna gjaldeyrisforða.





## Gjaldeyrisforði

- Við stýringu gjaldeyrisforða er farið eftir starfsreglum um varðveislu gjaldeyrisforða sem samþykktar voru í mars 2013. Í reglunum eru sett ytri mörk ásættanlegrar fjárhagslegrar áhættu vegna gjaldeyrisforða.

## Kröfuáhætta

Hér að neðan er gjaldeyrisforði bankans sundurliðaður eftir tegund, lánshæfismati og heimalandi útgefanda og mótaðila.

| *Tegund útgefenda og mótaðila í gjaldeyrisforða* | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| Ríkissjóður | 63,2% | 68,8% |
| Ríkisstofnanir | 11,3% | 9,0% |
| Fjölþjóðastofnanir | 5,6% | 3,6% |
| Einingar sambandsríkja | 0,3% | 0,0% |
| Sértryggð skuldabréf | 0,0% | 0,1% |
| Fjármálafyrirtæki | 0,2% | 1,1% |
| Innstæður hjá seðlabönkum og Alþjóðagreiðslubankanum | 13,2% | 12,7% |
| Innstæður hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum | 4,0% | 3,4% |
| Innstæður hjá fjármálafyrirtækjum | 0,9% | 0,2% |
| Gull | 1,3% | 1,0% |

Lánshæfismat útgefenda og mótaðila í gjaldeyrisvaraforða.

| *Lánshæfismat* | *2017* | *2016* |
|---|---|---|
| AAA | 73,4% | 75,2% |
| AA+ | 4,2% | 17,1% |
| AA | 15,0% | 2,8% |
| AA- | 0,9% | 1,6% |
| A+ | 2,9% | 0,0% |
| A | 0,0% | 0,2% |
| A- | 0,1% | 0,0% |
| BBB+ | 0,8% | 2,0% |
| BBB | 1,5% | 0,0% |
| Gull | 1,3% | 1,0% |

- Innstæður hjá seðlabönkum og Alþjóðagreiðslubankanum í gjaldeyrisforða jafngilda um 13% af forða. Seðlabankar eru að jafnaði ekki með lánshæfismat en lánshæfismat þeirra er metið það sama og ríkissjóðs viðkomandi lands. Gengið er út frá því að Alþjóðagreiðslubankinn sé með AAA lánshæfismat (mótaðilaáhætta).
- Innstæður hjá viðskiptabönkum í gjaldeyrisforða eru innan við 1% af forða sem dreift er í mismunandi gjaldmiðlum hjá mismunandi bönkum og leitast bankinn við að halda þessum innstæðum í lágmarki (mótaðilaáhætta).

Dreifing á erlendum eignum í gjaldeyrisforða eftir heimalandi útgefenda/mótaðila:

| *Land* | *Lánshæfismat* | *2017* | *2016* |
|---|---|---|---|
| Bandaríkin | AAA | 32,5% | 42,6% |
| Þýskaland | AAA | 19,6% | 22,0% |
| Bretland | AA | 9,2% | 8,6% |
| Fjölþjóðastofnanir | AAA | 8,9% | 6,7% |
| Alþjóðagreiðslubankinn (BIS)[1] | AAA | 6,6% | 0,0% |
| Frakkland | AA | 5,8% | 5,6% |
| Holland | AAA | 5,5% | 5,8% |
| Japan | A+ | 2,8% | 0,0% |
| Finnland | AA+ | 2,0% | 2,0% |
| Svíþjóð | AAA | 1,3% | 0,9% |
| Ítalía | BBB | 1,1% | 1,0% |
| Lúxemborg | AAA | 1,1% | 0,9% |
| Spánn | BBB+ | 0,8% | 0,8% |
| Austurríki | AA+ | 0,6% | 0,5% |
| Danmörk | AAA | 0,5% | 0,3% |
| Belgía | AA | 0,4% | 0,3% |
| Kína | A+ | 0,2% | 0,1% |
| Noregur | AAA | 0,2% | 0,4% |
| Sviss | AAA | 0,0% | 0,0% |
| Kanada | AAA | 0,0% | 0,2% |
| Írland | A+ | 0,0% | 0,2% |
| Gull | AAA | 1,3% | 1,0% |

1. Alþjóðagreiðslubankinn er í eigu fjölmargra seðlabanka og flokkast því ekki undir eitt ákveðið land.

## Uppgjörsáhætta

